LÍFSSTÍLL Rannsókn á lífsstíl sjö til níu ára grunnskólabarna hefst í haust og stendur fram til 2008. Tilgangurinn er að kanna hvort fræðsla, aukin hreyfing og bætt mataræði hafi áhrif á líkamsástand og vellíðan barnanna.

Sex grunnskólar í Reykjavík taka þátt í rannsókninni. Í þremur þessara skóla verður kennurum, skólastjórendum, óðrum starfsmönnum og foreldrum ráðlagt um næringu, hollstu og hreyfingu barnanna.

„Við ætlum að stuðla að breytt-



HREYFING OG FRÆÐSLA „Við ætlum að stuðla að breyttum kennsluháttum og koma hreyfingu og fræðslu inn í daglega kennslu,“ segir Erlingur Jóhannesson professor.

um kennsluháttum og koma á hreyfingu og fræðslu inn í daglega kennslu,“ segir Erlingur

Jóhannesson, professor við Íþróttafraðasetrið á Laugarvatni.

Foreldrar barnanna fá fræðslu, til dæmis á vefsíðu rannsóknarinnar, og þannig getur rannsóknin haft áhrif á þá líka.

Börnin í hinum þremur skóluunum verða samanburðarhópur. Í öllum skóluunum verða börnin vegin og mæld í upphafi og við lok rannsóknarinnar og sést þá hvort lífsstílsbreytingin hefur haft áhrif á börnin í þeim skóla par sem mataraði hefur breyst og hreyfing aukist.

- ghs



www.reykjavik.is

allt ferðir

Alla miðvikudaga og laugardaga

LAGERÚTSALA Holtavegi 8

Vegna lagerbreytinga bjóðum við 30-70% afslátt af völdum vörum.

Aðeins þriðjudag 19. sept. til sunnudags 24. sept.

Virka daga frá kl. 13-18, helgina frá kl. 11-16

Í bústaðinn !

Crown heilsudýna með botni í hvítu eða brúnu leðurlook og Square Alu löppum.

Verðdæmi 160x200 cm
kr. 79.900,-



Teppasett

Teppi - pífa - púði
og tvö koddaver
Verðdæmi Queen
Frá kr. 12.900,-



Amerískir hægindastólar

Leður og tauefni.
Verð frá kr. 45.900,-




Gaflar
í miklu úrvali.
15-50% afsláttur



Stillanleg rúm!

Aeroflex stillanleg rúm
með Tempur heilsudýnu
á verði sem ekki hefur
sést áður.




4Motion stillanleg rúm!

Hönnun í takt við tímann
á stórlækkuðu verði.



Spring Air

Verðdæmi - Never Turn:
Queen rúm 153x203 cm
99.000,- án gafls.



ekki missa af bessu!!

Bak við Ikea Holtagörðum!!



Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477 • betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opioð virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16



KÖTTUR Á VILLIGÖTUM Sveitakötturinn Róbert gengur eftir graskerastafla á bónðabæ í Georgetown í Bandaríkjunum. Öll graskerin eru ræktuð á bænum og halda ábúendur sérstaka graskershátið á hverju hausti.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Deilur Indlands og Pakistans:
Vilja að stjórnvöld sýni varúð

INDLAND Stærsti stjórnarandstöðuflokkur hindrað í Indlandi hefur hvatt stjórnvöld til að sýna varúð í friðarviðræðum við Pakistan sem hófust að nýju um helgina. Viðræðunum hafði verið frestað eftir að hryðjuverkamenn sprengdu upp lestrí í Mumbai í júlí síðastiðnum. Flokkurinn segir algjört misrämi vera milli almenningsálitsins í landinu og viðbragða stjórnvalda vegna hryðjuverkanna, en um 200 manns léztut í árasunum. Leiðtoga nágrannalandanna hittust á Kúbu um helgina til að halda friðarviðræðum áfram. - þsj



FÍLL Tannbein þessara skepna hafa lengi verið eftirsótt. NORDICPHOTO/GETTY IMAGES

Þjóðgarðsverðir í Tsjad:
Fundu hundrað fílsskrokka

TSJAD, AP Eftir að þjóðgarðsverðir í Zakouma-garðinum í Tsjad gengu fram á tíu tannlausá fílsskrokka á föstudag fóru þeir í eftirlitsferð og fundu nútíu skrokka til viðbótar. Allir filarnir höfðu verið dreppir vegna fílabeinstanna, en skrokkarnir skildir eftir á víðavangi.

Verðirnir óttast að enn fleiri filar hafi verið dreppir, en síðustu mánuði hafa einungis verið taldir 3.020 filar í garðinum í stað þeirra 4.000 sem þar eru alla jafna.

Öll viðskipti með filabein hafa verið bönnuð um víða veröld síðan árið 1989. Veiðibjófarnir eru hins vegar mun fleiri en verðirnir. - kóp

GEIMFERÐ
Atlantis snýr heim
Geimferjan Atlantis hóf í gær fór sína frá alþjóðlegu geimstöðinni til jarðar. Geimfararnir sex kvöddu íbúa stöðvunarinnar með virktum eftir að hafa hlaðið birgðum í geimstöðina.

12

Hjóladagur haldinn vegna Samgönguviku:

Borgarbúar hvattir til að leggja bílnum

HJÓLREIÐAR Hjólreiðamenn sýndu listir sínar á hjóladeginum síðastliðinn laugardag. Vegleg dagskrá var haldin þar sem skipulagðar hjólahestir fóru umborgina bvera og endilanga, auk sérstakrar götuhjólreiðakeppni, og ofurhugar sýndu listir sínar í Hljómskálagarðinum þar sem dagskránn lauk.

Yfirschrift dagsins var Hjólum saman – hvílum bílinn, en hann var liður í Evrópsku samgönguvikunni. Þetta er fjórða árið í röð sem Reykjavíkurborg tekur þátt. Samgönguvikunni er, eins og heitið gefur til kynna, ætla að vekja athygli á og hvetja til umræðna um samgöngumál. Hún er að bessu sinni helguð loftlagsbreytingum og hafa samgöngumátar af þeim sökum verið ofarlega í umræðunni, meðal annars vegna þeirra áhrifa sem þeir geta haft á umhverfið.

Rannsókn Pálma Freys Randverssonar, sér-

fræðings í samgöngumálum hjá umhverfissviði Reykjavíkurborgar, hefur vakið nokkra athygli en hann komst að því að hjólreiðamaður getur lagt um það bil fimm kilómetra að baki á aðeins fimmtán mínútum með því að hjóla eftir aðalstígum borgararinnar. Ályktunin er á hugaverð með hliðsjón af því að 60 prósent bílferða innan borgarmarka spanna þrjá kilómetra eða minna.

Eins og Pálmi bendir á er ráðlagður dag-skammtur af hreyfingu um það bil þrjátíu mínútur og því ættu þeir sem starfa í um fimmtán mínútuna hjólfajarlægð frá heimilum sínum að hugleida þennan samgöngukost. - re

HJÓLREIÐASNILLINGAR Sýndu listir sínar í Hljómskálagarðinum á laugardaginn var.

FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN



HÁRGREIÐSLUSTOFA Erfitt getur verið að fá þær konur sem starfa heima til að starfa á hárgreiðslustofum.

Snyrta hár án réttinda í heimahúsum

Hluti þeirra sem ekki klára hárgreiðslunám starfar við fagið án þess að hafa tilskilin réttindi. Talið er að hluti þessara kvenna sé jafnframta á atvinnuleysisbótum. Svört atvinnustarfsemi á Íslandi veltir milljörðum.

ATVINNURÉTTINDI Stærstur hluti þeirra sem hefja hárgreiðslunám hér á landi klárar aldrei námið.

Jónína Snorradóttir, formaður Meistarafélags í hárgreiðslu, áætlar að af 140 nemum sem hefja hárgreiðslunám ljúki einungis um 30 nemendur náminu sem tekur fjögur ár. „Það veldur nokkrum áhyggjum að hluti þeirra sem ekki klára námið starfar við fagið heima hjá sér án réttinda.“

Fyrir nokkrum árum gerði meistarafélagið gangskör í að reyna að uppræta þessa ólöglegu starfsemi og leitaði til opinberra aðila sér til aðstoðar. Sönnunarbyrðin í þessum málum er hins vegar mjög erfið og því fór þetta mál aldrei lengra.“

Jónína segir erfitt að fá þær konur sem starfa heima til að fara

að vinna á stofum. „Ég hef lent í því að þurfa að finna fólk til starfa á stofu sem ég rek og fékk upplýsingar um hárgreiðslukonur sem voru skráðar atvinnulausar hjá vinnumiðun. Þegar ég hafði samþand við þær komu þær með ýmsar afsakanir fyrir því að piggja ekki starfið og mér bykir líklegt að einhverjar

þeirra hafi verið með atvinnustarfsemi heima auk atvinnuleysisisbótanna.“ Þá segir Jónína nokkuð um að konur lengi barn-eignafrí með því að vinna heima.

Jónína segir heildsala aðeins selja hárgreiðsluvörur til viðurkenndra hárgreiðslustofa en að það sé auðvelt fyrir þá aðila sem starfa heima að fá einhverja með réttindi til að kaupa fyrir sig efni. „Einnig er hægt að kaupa þessar vörur í gegnum netið.“

Jón Steindór Valdimarsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, segir svarta atvinnustarfsemi mein sem þurfi að reka áróður gegn. „Samantektir sýna að neðanjarðarhagkerfi á Íslandi veltir milljörðum en þetta eru peningar sem fara framhjá hagkerfinu. Það er best að hver og einn sé vakandi fyrir þessu og krefjast nótum“

“Pað veldur nokkrum áhyggjum að hluti þeirra sem ekki klára námið starfar við fagið heima hjá sér án réttinda.“

JÓNÍNA SNORRADÓTTIR

FORMAÐUR MEISTARAFÉLAGS

Í HÁRGREIÐSLU

„Það er best að hver og einn sé vakandi fyrir þessu og krefjast nótum“

„Hægt er að hvetja fólk til nótum“

„Endurgreidda fólk“

„Gegn framvísun nótanna. Þetta hefur meðal annars verið gert í byggingariðnaðar“

„Förudgreitt ef þeir sýna fram á nótur frá iðnaðarmönnum.“

Jón Steindór segir að einnig

gæti verið skynsamlegt að lækka virðisaukskatt sem sé mjög hár á

atvinnustarfsemi hér á landi.“

hugrun@frettabladid.is

Lestarslys í Egyptalandi:
14 ákærðir fyrir vanrækslu

Egyptaland Saksóknari í Egyptalandi hefur ákært 14 starfsmenn lestarfélags landsins fyrir vitaverða vanrækslu vegna lestarslyss við Kaíró í síðasta mánuði. 58 manns léztust þegar tvær lestrir skullu saman. Starfsmönnumunum er gefið að sök að hafa vitað um bilun í merkjasingabúnaði en leitt viðgerðir á honum hjá sér. Lestir í Egyptalandi eru bekktar fyrir slælegt öryggi og banaslys þeim tengd eru mörg á hverju ári. - psj



Forstjóri Alþjóðabankans:
Nauðsynlegt að stöðva spillingu

SINGAPÚR, AP Paul Wolfowitz, forstjóri Alþjóðabankans, telur nauðsynlegt að stjórnvöld, fyrirtæki og fjármálastofnanir sameinist í baráttunni gegn spillingu til að binda endi á fátækt og óstöðugleika. Þetta sagði hann verða meginmarkmið próunarnefndar bankans, sem fundar í dag. Wolfowitz hefur verið gagnrýndur fyrir að refsá íbúum fátækra ríkja vegna spillingar stjórnvalda þeirra. - sgj

Menntamálaráðuneytið:
Stemmir stigu við ofbeldi

MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ „Það er mikilvægt að þeir sem starfa með börnum og unglungum séu meðvitaðir um ábyrgð sína og skyldur og geti lesið í vísbindungsar um að vanræksla eða ofbeldi eigi sér stað,“ segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra. Á síðasta ári bárust Barnaverndarstofu 5.879 tilkynningar, tæpur helmingur var vegna grunsemda um ofbeldi eða vanrækslu á börnum. Við bessum upplýsingum vill menntamálaráðuneytið bregðast og ætlað að standa fyrir námskeiðum, sem nefnast „Verndum bau“, til að reyna að stemma stigu við vandanum. - kdk

GEIMFERÐ
Atlantis snýr heim
Geimferjan Atlantis hóf í gær fór sína frá alþjóðlegu geimstöðinni til jarðar. Geimfararnir sex kvöddu íbúa stöðvunarinnar með virktum eftir að hafa hlaðið birgðum í geimstöðina.

10%
vaxtaauki!

Frábært **TILBOÐ!** Kynntu þér málid á **spron.is**



Pakistanskir aðgerðarsinnar:

Vilja afnema nauðgunarlög

PAKISTAN Mannréttindasamtök í Pakistan hafa krafist bess að stjórnvöld ógildi íslomsk nauðgunarlög sem eru við lýði í landinu. Samkvæmt númerandi lögum þarf kona að framvísa fjórum vitnum til bess að sanna að sér hafi verið nauðgað. Brot af þessu tagi eiga sér sjaldnast stað á almenningsvettvangi og því er nánast ómögulegt fyrir konur að fá tilskilinn fjölda vitna til að koma fram. Lögin voru sett árið 1979 af fyrrum herforingjastjórn landsins sem tilraun til að auka vægi íslamstrúar í pakistónsku samfélagi. Samtökkin telja að lögin sverti ímynd Pakistans út á við. - bsj



SHOKO ASAHLA Verður líklega tekinn af lífi innan hálfars árs. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Leiðtogi hryðjuverkasafnaðar:

Dauðadómur var staðfestur

TÓKYÓ, AP Hæstiréttur í Japan hafnaði á föstudag áfrýjunarbeindi frá Shoko Asahara, leiðtoga trúarsafnaðarins Aum Shinrikyo, sem hlaut dauðadóm fyrir eiturefnáras í neðanjarðarlestum Tókýóborgar árið 1995.

Afrýjunarmöguleikar Asaharas eru þar með að mestu tæmdir og verður dauðadóminum þá fullnægt innan hálfars árs. Þó geta lögmann Asaharas enn freistað þess að krefjast nýrra réttarhalsa eða lagt fram neyðarbeidi um áfrýjun.

Taugagasið sarín var notað í árásunum, sem urðu 27 manns að bana. - gbs

Kosningarnar í Svíþjóð:

Kynskiptingur í framboði

SVÍÞJÓÐ Frambjóðandi í sjóunda sæti á framboðslista Folkpartiet fyrir sveitarstjórnarkosningarnar í Svíþjóð um helgina, fæddist drengur en hefur farið í leiðréttингaraðgerð á kyni.

Svo óvenjulega vill til að frambjóðandinn, sem heitir Annika Stacke, er prestur í Lammhult í Svíþjóð. Annika er ein af fáum frambjóðendum í heiminum sem hafa farið í leiðréttið á kyni jafnframt því að starfa sem prestur.

Annika býr í biblífubeltinu miðju, en svo kallast svæðið þar sem kristin trú er einna sterkjast í Svíþjóð. Á þessu svæði er mikil andstaða gegn kvenkyns prestum. Stacke segist samt sem áður finna fyrir mikilli velvild. - ghs

www.volkswagen.is

Frábært verð!

1.998.000 kr.

Golf Trendline, 1.6 beinskíptur



Núna er rétti tíminn til að eignast nýjan Volkswagen Golf. Gæðin og glæsileikann þekkja allir en verðið kemur skemmtilega á óvart. Komdu og reynsluaktu og nýttu þér þetta einstaka tækifæri.

Gerðu bílinn enn glæsilegri með 250.000 kr. sportpakka:

- 16" álfelgur • sóllúga • leðurstýri • þokuljós
- armpúði milli framsæta • samlitur • vindskeið



Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 - HEKLA, Borgarnes, sími 437 2100 - HEKLA, Ísafjörður, sími 456 4666 | HEKLA, Reyðarfjörður, sími 470 5100 - HEKLA, Reykjanesbær, sími 420 5000 - HEKLA, Selfossi, sími 482 1416 | HEKLA, Laugavegi 172-174, sími 590 5000 | HEKLA, Laugavegi 172-174, sími 590 5000 | HEKLA, hekla@hekla.is





AFGÖNSK TELPA Þó að ástandið sé hörmulegt viða í Afganistan nú um stundir heldur daglegt líf þó áfram og vatn þarf að sækja daglega. Þessi telpa var á ferð í hófuðborginni Kabúl með vatnsskammt fjölskyldu sinnar þegar ljósmyndari rakst á hana í gær.

FRÉTTABLAÐID/AP



JAKOBÍNA ÁRNADÓTTIR Fleiri foreldrar virða rétt barna sinná á reyklausu umhverfi.

Foreldrar taka tillit:

Færri reykja í návist barna

TÓBAKSVARNIR Dregið hefur verulega úr reykingum í návist barna og foreldrar virða rétt barna sinná á reyklausu umhverfi. Þetta er niðurstaða rannsóknar Jakobínu Árnadóttur, verkefnisstjóra tóbaksvarna á Lýheilsustöð. Jakobína rannsakar ófyrirvara smábarnaforeldra á árunum 1995-2006 og kynnti niðurstöðuna á nýafstaðinni tóbaksvarnarráðstefnu, LOFT, sem haldin var í Reykjavíknesbæ.

Jakobína segir að fyrir ellefu árum hafi 45 prósent briggja ára barna orðið fyrir óbeinum reykingum einu sinni í viku eða oftar en nái se betta hlutfall komið niður í tíu prósent. „Á þessu tímabili hefur dregið úr reykingum en aukin tillitssemi á líka sinn þátt í að færri börn verða nú fyrir áhrifum óbeinna reykinga.“ - hs

Nemar í hjúkrun aldraðra:

Geta fengið yfir milljón í styrk

HJÚKRUN Félagsmálaráð Akureyrar hefur ákvæðið að styrkja hjúkrunarfræðinema við Háskólinn á Akureyri sem áhuga hafa að sérhæfa sig í hjúkrun aldraðra.

Styrkupphæðin er 70 þúsund krónur á mánuði frá 1. september til 31. maí eða samtals 540 þúsund krónur fyrir veturinn.

Styrkpear verða skuldbundnar til að starfa við öldrunarheimili Akureyrar að loknu námi, í þrjú ár miðað við tveggja ára styrk en eitt og hálft ár miðað við eins árs styrk.

- hs

LÖGREGLUFRETT

Eldur í biðskýli

Eldur kom upp í biðskýli í Eddufelli í Reykjavík að aðaránótt sunnudags. Slökklíðið var kallað út en skemmdir ekki teljanlegar. Löggregla telur að um íkeikju hafi verið að ræða.

Bívelta við Stykkishólm

Bíll valt við Hofstaði sunnan við Stykkishólm um eitt leitið í gær. Þrí voru bílum og sluppu tiltölulega ómeiddir. Samkvæmt lögreglu missti ökumaður stjórn á bílum þegar lausamöl tók við af bundnu slitlagi.

Ljósmyndirnar sem prýtt hafa miðbæinn í sumar teknaðar niður í gær: Horfnar á vit eigenda sinna

SÝNING Ljósmyndasýningin Reykjavíkurmyndir, sem prýtt hefur miðbæinn í sumar, var tekin niður í gær. Ljósmyndirnar, rúmlega 60 talsins, voru seldar á uppbödi á menningarnótt og hafa eigendurnir náið fengið þær í hendur.

Ljósmyndasafn Reykjavíkur stóð fyrir sýningunni í tilefni af 25 ára afmæli safnsins og fékk hún mjög góð viðbrögð að sögn Mariú Karenar Sigurðardóttur safnstjóra. „Við ákváðum að halda útísýningu á premur stöðum í miðbænum og var myndunum valinn staður í Fóetagardínum, á Lækjartorgi og á Austurvelli. Hugmyndin var að fólk gæti séð þær breytingar sem orðið

hafa á Reykjavík með því að bera saman myndirnar og umhverfið sem þær voru í.“

Ákvæðið var að selja myndirnar á uppbödi að sögn Mariú til að gefa almenningi kost á að prýða veggi heima hjá sér fyrir líttinn pening. „Lægsta boð var fimm þúsund krónur og dýrustu myndirnar fóru á 22 þúsund krónur. Næstum allar myndirnar selust og þessi mikli áhugi kom okkur skemmtilega á óvart.“ - sdg

REYKJAVÍKURMYND Magnús Steffensen og Hildur Rut Hannesdóttir, starfsmenn Ljósmyndasafns Reykjavíkur, taka niður eina af hinum 60 myndum.

FRÉTTABLAÐID/VILHELM



Kæra rektor vegna skemmtanabanni

Foreldrar nemandi við Menntaskólann við Sund eru ósátt við viðbrögð rektors. Pau segja hann hafa meinað saklausum piltinum aðgang að dansleik í skólanum. Rektor segist hafa viljað tryggja öryggi á dansleik skólans.

SKÓLAMÁL, „Við teljum son okkar hafa verið beittan svo miklum órétti í þessu málí að við sjáum okkur ekki annað fáert en að bregðast við,“ segir Viðar Garðarsson, sem nú er að undirbúa stjórnsýslukáru á hendur Mási Vilhjálmssonar, rektors Menntaskólans við Sund.

Astæðu kærunnar segir Viðar vera þá að hann telji rektorinn hafa farið langt út fyrir valdsvið sitt þegar hann úrskurðaði nokkrar pilta í skemmtanabanni við skólanum, þar sem hann taldi þá hafa átt aðild að átkum lögreglu og ungmannen í Skeifunni snemma í mánuðinum. Viðar segir son sinn ekki tengjast þessu málí á annan hátt en að hann er meðlimur á bloggsíðu þar sem skrifaroð var um atburðina. Þau skrifir segir hann þó hafa verið undirrituð með fullu nafni höfundar og því telji hann undarlegt að þau séu látin bitna á öllum þeim sem tengjast síðunni.

„Það að banna ungmennum að taka þátt í flagslífi menntaskóla síns vegna atburða sem þau tengdust ekki neitt og hafa ekkert með skólanum að gera þykir mér ein-kennilegt. Æg hef farið yfir málid ásamt lögfræðingi og við fáum ekki sé að ákvörðun rektors standist reglur nemendafélags, mennta-



MENNTASKÓLINN VIÐ SUND Rektor segist ekki hafa treyst sér til að hafa sjö unga menn á dansleik sem haldinn var við skólann.


skólans eða menntamálaráðuneytisins,“ segir Viðar. Hann kveðst hafa spurt rektorinn margoft í hverju hann teldi brot sonar síns vera fólgð og á hváða reglum hann hefði byggt ákvörðun sína um skemmtanabann. Það eina sem hann hafi uppskorið var að væri hann ósáttur gæti hann kært málid eftir formlegum leiðum. Því segist Viðar ekki eiga annars úrkosta en að senda stjórnsýslukáru.

Fleiri foreldrar sem haft var samband við vegna málsins töldu rektor ekki hafa gætt sanngirni og töldu afskipti hans af því sem flutti sig til Evrópu fyrir um 35.000 til 40.000 árum.

Vísindamenn hafa mikil velt fyrir sér örlogum Neanderdalsmanna og enn er deilt um ástæðu þess að þeir urðu útdauðir. Helstu kenningar eru að þeir hafi ekki staðist samkeppnina við nútíma-menn, nútímaðurinn hafi smita þá um sjúkdómi sem dró þá alla til dauða eða að loftlagsbreyingar hafi orðið þeim aldurtila.

Aðrir vísindamenn, sem ekki tóku þátt í rannsókninni, segjast efast um áreiðanleika dagsetninga Finlaysons og félaga, en telja þó ummerkin um Neanderdalsmennina afar merk. - smk

NEANDERDALSMÆÐUR Talið er að Neanderdalsmenn hafi litið svona út.



Ummerki um Neanderdalsmenn finnast á Spáni:

Talin vera 24.000 ára gömul

SPÁNN, AP Neanderdalsmenn lifðu þúsund árum lengur en áður var talið, að því er fram kemur í nýri rannsókn sem gerð var í Gíbraltari á Suður-Spáni. Fjallað er um niðurstöðurnar í nýjasta tóluhefti vísindatímartsins Nature.

Litlir hópar Neanderdalsmenna flokkuðu um Gíbraltari og gisti reglulega í stórum helli þar fyrir 28.000 árum, og gætu yngstu ummerkin um þá verið 24.000 ára gömul, að sögn Clive Finlayson frá Gíbraltarsafninu.

„Kannski voru þetta hinir síðustu,“ sagði Finleyson.

Neanderdalsmenn voru litlir, vöðumiklir veiðimenn sem fyrr komu fram í Evrópu og Vestur-Asíu fyrir um 200.000 árum. Þeir döu út eftir að nútímaðurinn



VEIÐAR Porskkvótinn í Eystrasalti hefur verið skertur um 15 prósent.

Danir ósáttir við ESB: **Porskkvóti skertur um 15%**

SJÁVARÚTVEGUR Danir eru óánægðir með þá ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins að skerða porskkvótann í Eystrasalti óllu um 15 prósent á næsta ári vegna veiða umfram kvóta á svæðinu undanfarin ár. Bent hefur verið að ofveiðin sé aðeins í austurhluta Eystralsal og ástand stofnsins sé ágætt í vesturhlutanum.

Hans Chr. Schmidt, sjávarútvegssráðherra Dana segir í samtíð við Fiskeri Tíðindi að það sé hlutverk ESB að taka á málum þar sem svindlað sé á kvótum en þær aðgerðir eigi ekki að bitna á þeim sem ekkert hafi af sér brotið. - hs

Greiðfært á Suðurlandi: **Torfæruhjólastóll í notkun**

SUDURLAND Heilbrigðisstofun Suðurlands fékk fyrir skómmu torfæruhjólastóll. Stóllinn hentar vel á svæðum sem hefðbundnr hjólastólar komast illa yfir. Hægt er að setja skíði undir framhjólin sem gerir hreyfihómluðum kleift að komast leiðar sinna í snjó. Á fréttavefnum sudurland.is segir að gripurinn sé ætlaður hreyfihómluðum á öllu Suðurlandi, en Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á Suðurlandi hefur umsjón með útlánum á stólnum. - kdk



MANNEKLA Yfir 500 börn bíða vistunar á frístundaheimilum og leikskólum.

Engar raunhæfar áætlanir: **Bregðast þarf við manneklu**

BORGARRÁÐ Fulltrúar Samfylkingarinnar í borgarráði hafa sent frá sér yfirlýsingar þess efnis að engar raunhæfar áætlanir séu fyrirliggjandi til að bregðast við manneklu á leikskólum og frístundaheimilum í Reykjavík. Þá gagnrýnir Samfylkingin meirihlutann fyrir að nota kraft sinn í að kljúfa menntaráð og menntasvið í stað þess að takast á við manneklu.

Vegna manneklu eru nú 453 börn á bíðlista eftir frístundaheimilum og 73 börn hafa ekki fengið inngöngu í leikskóla. - hs

Menntamálaráðherra á ferð:

Aukið samstarf Íslands og Kína

UTANRÍKISMÁL Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra er stödd í opinberri heimsókn í Kína dagana 14. til 19. september í boði Sun Jiaqiang, menningarmálaráðherra Kína.

Á fundum Þorgerðar með kínverskum ráðherrum hefur komið í ljós mikill áhugi á að efla samstarf ríkjanna á svíði mennta- og vísindamála. Samkomulag var undirritað um menningarsamskipti Íslands og Kína árin 2007 til 2010.

Samskipti Íslands og Kína í menntamálum hafa aukist mikið undanfarin ár í kjölfar stóraukina viðskipta ríkjanna. - sdg

Rúmur helmingur viðskiptavina vantreystir fasteignasönum:

Vill bæta ímynd fasteignasala

KÖNNUN Rúmlega 70 prósent viðskiptavina eru mjög eða frekar áægð með þjónustu fasteignasala. Hins vegar þurfa fasteignasalar að huga betur að þjónustu sinni vegna ágreiningsmála sem upp koma í kjölfar viðskipta. Petta kemur fram í nýrri viðhorfskunnun sem Félag fasteignasala létt vinna fyrir sig. Könnunin náði til viðskiptavina fasteignasala frá 1. apríl 2005 til 1. apríl 2006.

Tæplega helmingur aðspurðra segist bera mjög mikið eða frekar mikið traust til fasteignasala. Rúmur helmingur vantreystir því fasteignasönum. Grétar Jónasson,



GRÉTAR JÓNAS-SON Segir kannanir nauðsynlegar til að skoða malefni fasteignasalastéttarinnar gagnrýnið og bæta úr þar sem úrbóta er þörf.

framkvæmdastjóri Félags fasteignasala, segir ljóst að huga verði að því hvernig unnið verði að bættri ímynd fasteignasala almennt. „Eitt af því sem þarf að skoða er að fasteignasalastéttin, ólíkt nánast öllum sérfræðistétt-

um, er spyrt saman við gríðarlegan fjölda fólks sem starfar við fasteignasölu án þess að vera fasteignasalar og sinnir oft ráðgjöf án þeirrar kunnáttu sem til þarf.“

Að sögn Grétars sýna niðurstöður könnunarinnar að reynsla viðskiptavina á fasteignasölu, þar sem fáir fasteignasalar starfa er verri en þar sem margir fasteignasalar eru við störf.

Einungis 2,5 prósent segja verði þjónustunnar hafa ráðið vali seljenda á fasteignasölu. Tæplega 70 prósent nefndu persónuleg tengsl, góða reynslu af fasteignasölunni og meðmæli annarra. - sdg

Avion Group færir út kvíarnar:

Kaupa franska ferðaskrifstofu

VÍÐSKIPTI Dótturfélag Avion Group, XL Leisure Group, hefur fest kaup á öllu hlutafé frönsku ferðaskrifstofunnar Vacances Heliades. Kaupverðið er tæplega 700 milljónir. Heliades flýgur frá Frakklandi til átta mismunandi áfangastaða í Gírskalandi og viðar. Mikil samlegðaráhrif felast í kaupunum fyrir Avion Group því að breska ferðaskrifstofan Kosmar, sem er einnig í eigu Avion Group, flytur farpega til sömu áfangastaða að hluta til. Þá verður flugrekstraraðili félagsins í Frakklandi Star Airlines, en Avion Group festi kaup á því flugfélagi í febrúar. - psj

Internet á Íslandi, sem er í eigu Dagsbrúnar, hefur einkaleyfi á skráningu léna sem enda á .is:

Einokun á lénsskráningunni .is

INTERNET Skráning léna með endinguna .is er í höndum einkaaðila á Íslandi, ólíkt flestum öðrum löndum. Internet á Íslandi hf., sem er í eigu Dagsbrúnar, hefur einkaleyfi á því að skrá lén sem hafa .is endinguna. Kostnaður við að skrá lén er mun hærri hér en i löndunum í kringum okkur.

Arið 1987 var SURIS, Samtökum um upplýsinganet rannsóknaraðila á Íslandi, úthlutað einkaleyfi á skráningu léna með endinguna .is af alþjóðlegu internetsamtökum IANA. Átta árum síðar tók Internet á Íslandi hf. við úthlutun lénnanna. Fyrirtækið var síðar selt Íslandssíma og er nú í eigu Dagsbrúnar. Það hefur einkarétt á skráningu léna með þessa endingu. Leyfið, sem er gefið út af IANA, hefur engin sérstök tímamörk.

„Í langflestum tilfellum er skráning þjóðarléna í höndum stofnana sem eru annað hvort í eigu ríkis viðkomandi lands eða allra hagsmunaaðila sem koma að málínu,“ segir Maríus Ólafsson, netstjóri hjá Internet á Íslandi. „Hér er reksturinn hins

vegar í eigu aðeins eins af hagsmunaaðilum. Það er ekkert leyndarmál.“

Hrafnkell Gíslason, forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar, segir heppilegt fyrir alla aðila ef skoðað væri hvort stjórnvöld ættu að setja almennar reglur um úthlutun á lénum. „Það má ræða með hváða hætti heimildin til úthlutunarinnar væri gefin út. Vissulega hefur verið rætt um hvort fleiri en einn aðili ætti að fá að skrá lén með .is-endingunni.“

„Okkar afstaða er mjög einföld, við teljum einokun alltaf af hinum verra fyrir neytendur,“ segir Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna. „Ef nauðsynlegt er að vera með einokun á einhverju sviði þá er sjónarmið Neytendasamtakanna að það eigi að vera í höndum hins opinbera.“

Stofngjald léns með endinguna .is hjá Internet á Íslandi er 12.450 krónur. Árgjald sama léns er síðan 7.918 krónur. Til samanburðar kostar tæpar fimm þúsund krónur að stofna lén með endinguna .com kostar að meðaltali um þúsund krónur á ári og er án sérstaks stofngjalds. - sps



VEFSÍÐA FYRIRTÆKISINS Forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar segir að vissulega hafi verið rætt um hvort fleiri en einn aðili ætti að fá að skrá lén með endingunni .is

við vegna staðsetningar og markaðsstærðar. Þar er árgjaldið 5.500 krónur. Skráning á léni með endinguna .com kostar að meðaltali um þúsund krónur á ári og er án sérstaks stofngjalds. - ghs



AKRANES Verkalýðsfélögum fjölgar. Verkalýðsfélag Akraness:

Félagsmönnum fjölgar ört

VINNUMARKADUR Félagsmenn Verkalýðsfélags Akraness hafa aldrei verið jafn margin og nú. Í árslok 2004 voru félagar um 1.800 talsins og hafði fjölgæð um tæp tvö hundruð á einu ári. Í árslok í fyrra voru þeir tæplega nítján hundruð og hafði þeim fjölgæð um rúmlega sjötta á árinu. Að vef verkalýðsfélagsins kemur fram að það sem af er þessu ári hefur félögum fjölgæð um brjú hundruð og eru þeir því nú tæplega 2.200. Mest hefur fjölgunin verið hjá Norðuráli, Íslenska járnblendifélaginu, HB-Granda og Smellinum. - ghs

TUCSON

2.0L bsk. 142. hö Kr 2.690.000

- ESP stöðugleikastýring
- ABS með EBD og TCS spölvörn
- 4x4 aldrif með læsingu
- 6 loftpúðar
- Hiti í framsætum
- Hiti í framrúðu við þurrkublöð
- 16" álfelgur
- Aftengjanlegur öryggispúði farþegamegin
- Verðlaunabill í sínum flokki

Langar þig í rúmgóðan sportjeppa?
Veldu Hyundai gæði - Veldu Hyundai Tucson



Með bílinn handa þér

Hefur gæðin

HYUNDAI hefur gæðin

„ORÐRÉTT“

Samfylking skiptir um skoðun

„Pegar húsfyllir varð á tónleikum heimsfræga tónlistarmanna í Laugardalshöll í janúar síðastliðnum skipti Samfylkingin skyndilega um skoðun.“

SIGRÍÐUR Á. ANDERSEN LÖGFREÐINGUR SKRIFADI UM RÆÐUGREIN Í GÆR PAR SEM HÚN GAGNÝRIN SAMFYLKINGUNA FYRIR AD SKIPTA UM SKOÐUN I UMHVERFISMÁLUM EFTIR SVEIFLUM ALMENNINGSÁLTINS.

tilveran *nær og fjær*

„Ætlaði að leggja fyrir sig körfubolta

„Það var planað að ég færi í körfuna. Ég ætlaði til Ameríku í háskóla og spila körfubolta með.“

EYJÓLFUR SVERRISSON, LANDSLIBSPJÁLFARI Í KNATTSPYRNU, SEGIR Í VITDALI VID FRÉTTABLAÐID Í GÆR AD HANN HAFI NÆSTUM LAGT KÖRFUBOLANN FYRIR SIG Í STADÍUM KNATTSPYRNU, Í STADÍNN SKORADI HANN 4 MÖRK Í UNGLINGALANDSLEIK OG FÓR Í ATVINNUMENNSKU Í PYSKALANDI.

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? STEINGRÍMUR RANDVER EYJÓLFSSON SMIÐUR**Var í bekk með Magna**

„Það er nú svo sem ekkert að fréttat,“ segir Steingrímur Randver Eyjólfsson, smiður og stjarna þáttanna Íslenski piparsveinninn sem Skjár einn sýndi síðastiðinn vetrur. „Maður er nú bara hér á Egilsstöðum og það er nóg að gera.“ Steingrímur flutti aftur til æskuslóðanna fyrir austan eftir að hafa búið á Akureyri um hríð og er nú sjálftætt starfandi smiður. „Ég hafði nú engan tíma fyrir sumarfrí. Maður er búinn að vera mikið í að byggja sólpalla og allskonar fineri.“

Eins og allir landsmenn, eða

að minnsta kosti allir Austfirðingar, fylgdist Steingrímur stift með aðvintýrum Magna í Ameríku. „Hann stóð sig eins og hetja og ég er bara nokkuð sáttur við niðurstöðuna. Ég held hann fái svakleg taekfæri út á þetta og hann er búinn að meika það, allavega á Íslandi.“

Pekkir svo piparsveinninn Magna? „Já já, við erum jafnaldrar og vorum saman í bekk á Eiðum. Finn strákur.“

SAMANBURÐUR: KETILL OG VAN GOGH

Ketill Larsen sýnir nú blóma- og landslagmyndir sínar á Mokka. Hann er með afkastamestu málum og hefur málað 1.500 myndir á þessu ári. Vincent Van Gogh skildi aðeins eftir sig 900 málverk og 1100 teikningar.

Ketill er þegar búinn að selja nokkrar myndir, en hann er með tvö föst verð, 20 og 35 þúsund. Vincent seldi hins vegar bara eina mynd á meðan hann var lífandi. Sú seldist á 400 franka árið 1890, eða sírka 70 þúsund krónur á nágildi.

**SJÓNARHÓLL**
DÝRAVÆNDISHÚS Í DANMÖRKU**Hinn endinn á kynlífssangelsi Vesturlandabúa**

„Lágkúran sem fólk getur farið niður á ríður vart við ein-teyming,“ segir Magnús H. Skarphéðinsson, formaður Sálarannsóknarfélagsins og dýravinur, vegna fréttar af dýraþendishúsini í Danmörku. „Þetta hlýtur að varða við lög í öllum síðmenntuðum löndum, eða ætti a.m.k. að gera það. Allt venjulegt heiðarlegt fólk hlýtur að fyllast miklum dapurleika við svona fréttum.“ Magnús bætir við: „Þetta er hins vegar hinn endinn á hinu mikla kynlífssangelsi sem Vesturlandabúa eru í og birtist í allskyn afbrigðilegheitum í kynhugmyndum og kynlifi. Flestir fá sjaldan eða aldrei næga kynferðislega útrás í lífi sín og enn fleiri eru með fordóma, ranghugmyndir og sektarkennd yfir eðlilegri kynlögum sinni, kynórnum og kynhneigunum. Pessvega leitar náttúran út í þessi öngstræti eins og meðal annars þarna birtist.“

Atvinnuleysi – hvað er nú það?

Sjaldan eða aldrei hefur Annað eins framboð verið á störfum á Íslandi. Atvinnuleysisstölur eru í sögulega lágmarki, öll blöð eru full af atvinnuauglýsingum og í gluggum fjölmargra verslana og veitingastaða má finna skilti þar sem auglýst er eftir starfsfólk. Aldrei áður í Íslandssögunni hefur Annað eins ástand ríkt.

„Hver einasti kjaftur sem nennir að vinna getur valið úr störfum,“ fullyrðir Valgeir Ólafsson verslunarstjóri í Intersport í Smáralind. Hann segist vera heppinn og er með fullmannaða búð eins og er. „Við vorum með skilti úti í glugga en það skilaði engu. Ef maður fær engin viðbrögð við auglýsingum þá verður maður bara að leita í önnur fyrirtæki og hreinlega yfirbjóða í starfsfólk. Ég hef ekki purft þess sjálfur en betta gera margir.“

Í Kringluni, Smáralind og Smáratorgi mátti í gær sjá auglýsingar fyrir eftirfarandi störf: Hagkaup, Bónus og Rúmfatalagerinn vantar fólk á kassa, áfyllingu og vörumóttöku. Dótábúina og bárnaskemmtistaðinn Veröldina okkar vantar barngott fólk, fatubúðirnar Monsoon, Adams og Ice



VILTU VINNA HJÁ OKKUR? Nú er allt morandi í atvinnuauglýsingum í búðargluggunum.

FRÉTTABLAÐID/GLH

in a Bucket vantar fólk, og ef þú vilst vinna í veitingageiranum getur þú fengið vinnu hjá bakaríi Jóla Fel, hjá Ríkka Chan, Subway, Energia og T.G.I. Fridays. Í öllum tilfellum koma bæði hlutastarf og fullt starf til greina. Og þetta er bara toppurinn á ísjakanum því begar stjórar í búðum án skilta voru spurðir var svarið yfirleitt það að „já, við erum alltaf að leita að góðu fólk“.

„Við í fatabransanum erum betur settir en þeir sem eru í matvöru- eða

veitingahúsabransanum,“ segir Valgeir í Intersporti. „Það er greinilega ekki eins lási að vinna hjá okkur og á hamborgarastað, hvað þa að sitja á kassa í stórmarkaði. Svo skipta launin líka öllu. Þeir sem vantar alltaf fólk eru bara ekki að borga eins vel og hinir, betta er nú ekki flóknara en það.“

Gríðarleg ásókn er í skólastarfsfólk til starfa og í mörgum framhaldsskólaum hafa menn ekki undan að rífa niður atvinnuauglýsingar sem hengd

**Jónsi fallegastur en Bubbi galar hæst**

Árleg sýning eigenda- og ræktendafélags landnámsmáhánsna var haldin á Hrafagnili í ágúst. Alls voru sýndir um sjötíu fuglar. Um sjö hundruð manns tóku þátt í vali á fallegustu fuglunum og voru úrslit þau að Grána þótti fallegasta haenan en Jónsi í svörtum fötum fallegasti haninn. Verðlaunaðanen er í eigu Atla Vigfússonar á Laxamýri en Jónsi í svörtum fötum er í eigu Einars Gíslasonar á Brúnnum í Eyjafirði. Dætur Einars nefndu hanann eftir söngvaranum góðkunna, sem er í miklu uppáhaldi.

„Þetta er afskaplega mikill heiður fyrir hanann,“ segir Einar og bætir við: „Jónsi deilir konungsþámi sínu og 30 hænum með örðrum hana, Edda, sem er nefndur

eftir nágrannakonu minni. Jónsi er miklu meira númer en Eddi og það hefur auðvitað ekkert minnkad í honum fíflingurinn eftir kosninguna.“

Einar, sem kennir við Hrafna-gilsskóla, segir hænsnaréktunina aðallega vera skemmtilegt hobbi. „Það er þó staðreynd að það eru miklu betri eggin úr landnámsmáhánum og svo eru þær miklu viljugri að liggja á en ræktuðu hænsnin. Það er búið að rækta alla móðurtilfinningu úr þeim.“

A landnámsmáhánsnasýningunni voru hanar einnig raddmældir. Myndaðist gífurlegur hávaði á sýningarsvæðinu þegar fimmtán hanar göluðu hver í kapp við annan. Af mörgum kröftugum hönum reyndist Bubbi raddster-



EINAR GÍSLASON MED JÓNSA Í SVÖRTUM
FÖTUM Fallegasti hani landsins í gífurlegum filíng.

asti hani landsins. Gal hans mældist 96 desibil, sem er svipaður hávaði og inni á meðal diskóteki. Eigandi Bubba er Ingi V. Gunnlaugsson í Ólafsfirði.

-glh

Sjálfbærar byggingar á Íslandi

Staðan í dag og framtíðarhorfur
Málþing haldið á vegum Sesseljuhúss og Orkuseturs,

miðvikudaginn 20. september 2006, kl. 12.30-17.00

Dagskrá:

12:30-13:30

Varis Bokalders, arkitekt. Ekokultur Konsulter AB, Stokkhólm.

What is sustainable building and what does it look like?
Árni Friðriksson, arkitekt. ASK arkitektar.

13:30-13:55

Sjálfbær hús – nokkur íslensk dæmi

Sigrún Harðarson, Batteríólfur arkitektar.

13:55-14:20

Húsahönnun og veðurfar - þáttur solar og vinds

Kaffi. Sýningin Að byggja og búa í sátt við umhverfið er opin gestum.

14:20-14:50

Björn Marteinsson, sérfræðingur. Rannsóknarstofnun byggingsáðarins og dósent við verkfræðideild Hið Sjálfbærar byggingar - hvaða kröfur gerir síklt á íslenskum markaði?

Daði Ágústsson, Ljóstæknifélag Íslands
Framtíðarljósgerð LED - Ljótvisturinn

Sigrún Íngrid Friðleifsson, framkvæmdastjóri

14:50-15:15

Orkunotkun húsa – nýjar lausnir.

Fyrirsprungur og umræður.

15:15-15:40

Fundarstaður: Sesseljuhús umhverfissetur, Sólheimum

Fundarstjóri: Bergþóra Hlíðkvist Skúladóttir, forstöðumaður Sesseljuhúss.

15:40-16:00

Fyrirsprungur og umræður.

16:00-17:00

Aðgangur er ókeypis.

Skráning: Sesseljuhús, s. 480 4470, bergthora@solheimar.is
Orkusetur, s. 569 6085, sif@os.is



Sesseljuhús
UMHVERFISSETUR



Orkusetur

Við erum Mazda



Veldu Mazda á uppskerutilboði Brimborgar

2.525þús.*

Mazda6 Touring 2,0i
4 dyra, sjálfskiptur*

Uppskerutilboð 2.525.000 kr.
Bílasamningur 34.726 kr.
Rekstrarleiga 46.100 kr.



UPPSKERU
TILBOÐ



Mazda6 Touring 2,0i
4 dyra, sjálfskiptur*

Uppskerutilboð 2.525.000 kr.
Bílasamningur 34.726 kr.
Rekstrarleiga 46.100 kr.



Mazda6 Touring 2,0i
5 dyra, sjálfskiptur*

Uppskerutilboð 2.575.000 kr.
Bílasamningur 35.414 kr.
Rekstrarleiga 47.100 kr.



Mazda6 Touring 2,0i
Wagon, sjálfskiptur*

Uppskerutilboð 2.625.000 kr.
Bílasamningur 36.102 kr.
Rekstrarleiga 48.700 kr.

Við staðgreiðum gamla bílinn þinn.

Bú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl á góðu uppskerutilboði Brimborgar. Þú losnar við allt umstang við að selja og lækkar þinn kostnað. Við erum Mazda. Komdu í Brimborg. Kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Mazda á uppskerutilboði Brimborgar.

Skoðaðu úrval Mazda á uppskerutilboði.



Mazda3 Touring 1,6i
5 dyra, 5 gíra*

Uppskerutilboð 1.890.000 kr.
Bílasamningur 26.100 kr.
Rekstrarleiga 34.800 kr.



Mazda5 Touring 2,0i
7 manna, 5 gíra*

Uppskerutilboð 2.390.000 kr.
Bílasamningur 32.748 kr.
Rekstrarleiga 43.400 kr.



Mazda6 MPS AWD 2,3T
4 dyra, 6 gíra*

Uppskerutilboð 3.590.000 kr.
Bílasamningur 49.593 kr.
Rekstrarleiga 43.400 kr.

Við erum Mazda

Komdu núna. Uppskerutilboð Brimborgar
gildir meðan birgðir endast.

brimborg
Öruggur stáður til að vera á




Uppskeruhátið
í Brimborg

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.mazdabrimborg.is

*Brimborg og Mazda áskila sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Bílasamningur er lán með 10% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erfendra mynta 50% isk / 50% erl.myntarkafa. Rekstrarleiga er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 36 mánuði sem eru háðar gengi erfendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innihaldi i leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur á ári. Aukabúnaður á mynd: söltuga. Skv. verðlista Toyota 09/06. **Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar velta söluráðgjafar Brimborgar.

Svona erum við

> Börn í leikskólum með erlent ríkisfang



baksvið

fréttir og fróðleikur

SPURT OG SVARAÐ
DÝRANÍÐINGAR

EKKI BANNAÐ Í ÍSLENSKUM LÖGUM

Fréttir undanfarið af dýrvændisstarfsemi í Danmörku og Þýskalandi hafa vakið óhug hjá fólk. Að sögn Halldórs Runólfssonar yfirþýralæknis hafa ekki komið mörð slík tilvik upp á Íslandi.

Eru til íslensk lög sem banna kynlif með dýrum?

Við höfum lög um dýravernd en það er ekki tekið á þessu máli þar heldur er bara almennt talað um að fara eigi vel með dýr.

Í flestum svona tilvikum er um að ræða dýr sem falla undir búfjárhaldslög. Úg tel að það þurfi að endurskoða bæði lög um dýravernd og lög um búfjárhald með það að markmiði að sameina þau.

Hafa komið upp mörð svona tilvik á Íslandi?

Nei, ekki mörð, en þau hafa komið upp. Úg man eftir einu tilviki á seinstu fimm árum sem varð lögreglumál. En þar sem engin lög eru til yfir svona mál þá enda þau yfirleitt ekki í kæru þar sem oftast sér ekki á dýrunum. Yfirleitt er um einhverja ógæfumenn að ræða sem reynt er er þá að hjálpa með sin vandamál.

Þriðja hver grænlensk telpa verður fyrir kynferðisofbeldi fyrir fimmtán ára aldur. Danir vilja senda fleiri danska sérfræðinga til Grænlendingar vilja frekar aukna menntun og bætta þjónustu á heimavelli.

Í nýri rannsókn grænlensku heimastjórnarinnar kemur fram að flestir grænlenskir unglungar sjá sjálfa sig sem heilbrigða krakka sem eiga í góðu sambandi við foreldra sína, æfa íþróttir og drekkja áfengi eingöngu í hófi.

Pó eru stórir hópar þeirra sem eiga við vandamál að stríða - stærri en yfirvöld höfðu átt von á begar lagt var út í rannsóknina.

Tuttugu og átta prósent grænlenskra telpna eru beitt kynferðislegu ofbeldi fyrir fimmtán ára aldur, en níu prósent drengja. Sérstaklega er ástandið slæmt hjá fjölskyldum þar sem áfengi er misnotað í miklu magni.

Peter Bjerregaard, sem stóð fyrir rannsókninni, sagðist hafa orðið afar hissa á niðurstöðunni.

„Þetta eru gríðarlega háar tölur þegar maður ber þær saman við önnur lönd, til dæmis Danmörku. Svo ég fór ekki bara tvívar yfir tölurnar, heldur þrisvar, og er nú sannfærður um að þær eru réttar,“ sagði hann.

Rannsóknin náði til 508 nemendu í 10. og 11. bekk grunnskóla í sjá grænlenskum bæjum árið 2004. Var þetta í fyrsta sinn sem kerfisbundin könnun var gerð á kynferðisofbeldi gegn grænlenskum börnum, þó lengi hafi verið ljóst að staðan er afar alvarleg þar í landi.

Borið saman við önnur lönd

Þó að tölurnar frá Grænlandi séu háar, eru þær ef til vill ekkert síður sláandi hér heima fyrir.

Ekkert blað?

Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu fengið Fréttablaðið. En til vonar og vara skaltu klippa þetta símanúmer út og hrингja ef blaðið berst ekki.

550 5600

FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesið

FBL-GREINING: CIA-LEKINN

Armitage tekur á sig sökina

Valerie Plame, fyrrum njósnari CIA, og eiginmaður hennar, Joseph Wilson, fyrrverandi sendiherra, kærðu á dögunum Richard Armitage, fyrrverandi aðstoðarutanrikisráðherra Bandaríkjanna, fyrir að hafa lekið því til fjölmörla að Plame væri njósnari.

Armitage hefur gengist við ásókunum og segir lekann „hryllileg mistök“, en einnig koma að málínu þeir félagar Dick Cheney varaforseti, Karl Rove, fyrrverandi starfsmannastjóri Hvítá huissins, og I. Lewis Libby, fyrrverandi aðstoðarmaður varaforsetans. Þeir munu allir hafa átt þátt í lekanum og hafa verið ákærðir.

Um hvað snýst málið?

Talið var að upplýsingunum hefði verið lekið til fjölmörla í hefndarskyni vegna gagnrýni Josephs, eiginmanns Valerie, á frjálslegri

notkun Bush-stjórnarinnar á upplýsingum um vopnaframleiðslu Íraka. Joseph hafði sjálfur rannsakað meinta sölu á úrani frá Nígeríu til Íraks og taldi að Írakar hefðu ekki keypt neitt. Bush hélt öðru fram.

Hverju breytir játning Armitages?

Nú hefur komið í ljós að Armitage lék þar stóra rullu, en hann hafði engra harma að hefna vegna gagnrýni Wilsons. Játning Armitages gæti því bjargað Hvítá huisinu frá einum alvarlegustu ásókunum seinni ára; að hafa viljandi skemmt fyrir starfi CIA og lagt opinberan starfsmann í hættu með því að svíkast undan þagnarskyldu.

Hvað með ákærurnar á aðstoðarmenn forsetans?

Valerie Plame ætlar ekki að láta kærur niður

falla, þrátt fyrir játningu Armitages. Hlutdeild Karls Rove var rannsókuð í nokkra mánuði og hann mun vera sekur um að hafa staðfest óformlega við blaðamann að Plame væri njósnari. Hins vegar hefur nefnd á vegum ríkisins ákveðið að ekki sé ástæða til að kanna nánar aðild hans að málinu. I. Lewis Libby, aðstoðarmaður Cheneys, hefur ekki verið kærður fyrir lekann sjálfan, en hann var þó kærður fyrir meinsæri, ósannan vitnisburð og fyrir að hamla framgangi réttvisinnar. Hann gæti verið daemdur í allt að þrjátíu ára fangelsi og til að borga tæpar niutíu milljónir króna.



ANNAÐ MENNINGARSAMFÉLAG Grænlendingar benda á að fleiri danskir sérfræðingar muni ekki hjálpa til við að minnka kynferðislega misnotkun á grænlenskum börnum. Betra sé að sjá til þess að grænlenskir félagsfræðingar geti menntað sig frekar í þessum efnunum, svo að hægt sé að glíma við vandann á heimavelli.

Fimmta hver íslensk stúlka hefur verið kynferðislega misnotuð fyrir 18 ára aldur, en tíundi hver drengur, samkvæmt rannsókn Hrefnu Ólafssdóttur félagsráðgjafa frá árinu 1999. Var misnotkunin gróf eða mjög gróf í 67 prósentum tilfella, og langoftast var gerandinn karlmaður sem tengdист fjölskyldu barnsins.

Þetta þýðir að 17 prósent íslenskra barna verða fyrir kynferðislegu ofbeldi.

Sambærilegar tölur á hinum Norðurlöndunum eru mun lægri.

Samkvæmt upplýsingum frá samtökunum Blátt áfram, eru 14 prósentum norskrar barna misnotuð fyrir 18 ára aldur, 11 prósentum danskra barna og sex prósentum sánskrar barna.

Fákunnugir unglungar

Fréttastofan KNR á Grænlandi gerði fréttamann út af örkinni

eftir að niðurstöður rannsóknarinnar voru kunngjörðar. Fór hann að næsta grunnskóla og spurði eldri nema á heimleid almennra spurninga um kynlif.

Flestir vissu að löggelur aldur grænlenskra unglunga til að stunda kynmörk er 15 ár, en enginn vissi hins vegar fyrir vist að lög og reglur giltu um kynlif.

Jafnframt vissu fæstir hvar hjálp væri að fá, væru þeir beittir kynferðislegu áreiti eða ofbeldi.

Víðar er pottur brotinn

Rannsóknin sýndi auk þess fleiri sláandi staðreyndir í lífi grænlenskra barna og unglungar.

Þrjátíu og sjö prósent grænlenskra ungmenna hafa hugleitt sjálfsmörk og 23 prósent hafa reynt að stytta sér aldur. Eru tölurnar mun hærri hjá stúlkum en drengjum.

Grænlenskar unglingsstúlkur

lifa almennt séð óhollara lífi en skólabræður þeirra. Á meðan sífellt færri fullorðnir Grænlendingar reykja, þá fara reykingar enn vaxandi hjá unglungunum, sérstaklega hjá stúlkum, og byrja þær einnig oftar að reykja fyrir 13 ára aldur.

Lausn á málinu

Grænlendingar eru afar slegnir yfir niðurstöðum rannsóknar Bjerregaards, en líkt og hér á landi hefur kynferðisleg misnotkun á börnum hingað til þótt af viðkvæm til að talað sé mikið um hana opinberlega.

Kuno Sørensen, hjá hjálparsamötunum Red Barnet – Save the Children, stakk upp á því að fleiri danskir sérfræðingar væru sendir til Grænlendingar til að hjálpa börnum, en Grænlendingar brugðust ókvæða við og sögdu frekari vera þörf á opinni umræðu og aukinni menntun grænlenskra sérfræðinga.

„Þetta er annað menningarsamfélag og við getum ekki alltaf notað það sem við fáum frá Danmörku,“ sagði forstjóri félagsmála í Nuuk, Vibke Möller Jensen, í samtal við danska blaðamenn. „Það skiptir okkur mun meira máli að félagsfræðingarnir sem við höfum fái frekari menntun, svo við getum sjálf leyst úr vandanum.“

Í samvinnu við starfsmenn danska félagsmálaráðuneytisins leita grænlensk yfirvöld nú að frekari úrræðum, kom fram í yfirlýsingar frá danska félagsráðherranum, Eva Kjer Hansen.



FRÉTTASKÝRING
SIGRÚN MARÍA KRISTINSDÓTTIR
smk@frettabladid.is

Grænland og Ísland



Tuttugu og átta prósent grænlenskra telpna eru beitt kynferðislegu ofbeldi fyrir fimmtán ára aldur.

Níu prósent drengja eru misnotuð fyrir fimmtán ára aldur.

Sérstaklega er ástandið slæmt hjá fjölskyldum þar sem áfengi er misnotað í miklu magni.

Fimmta hver íslensk stúlka hefur verið kynferðislega misnotuð fyrir 18 ára aldur, en tíundi hver drengur.

Í 67 prósentum tilfella, og langoftast var gerandinn karlmaður sem tengdist fjölskyldu barnsins.

Þetta þýðir að 17 prósent íslenskra barna verða fyrir kynferðislegu ofbeldi.

Betri vextir á yfirdraætti fyrir alla

Vertu viss um að þú sért að fá bestu vextina!

Sæktu um...

www.s24.is



Sætún 1 • Sími 533 2424

skoðun

greinar@frettabladid.is

Bankar og fyrirtæki sækja að skólanemendum.

Markaðsöflin og framhaldsskólar

KÁRI JÓNASSON SKRIFAR

Bútar úr öðrum lögum eru notaðir á nýju plötunni en þó ekki í eins miklum mæli og áður enda lenti sveitin í vandræðum vegna þess á

HAGATORGI • S. 530 1919

BÖRN Kl. 5:45 - 8 - 10.15 Bi 12 ára

AN INCONVENIENT TRUTH Kl. 8 Leyð

BJÓLFSKVÍDA Kl. 8 - 10:15 Bi 16 ára

PIRATES OF THE CARIBBEAN 2 Kl. 10:15 Bi 12 ára

THE ANT BULLY M-/Ísl tal. Kl. 6 Leyð

Kvikmyndahátið

THE PROPOSITION - FORSÝNING. Kl. 8 Bi 16

The Libertine Kl. 5:45 Bi 12

Renaissance Kl. 10:15 Bi 12

Down in the Valley Kl. 8 Bi 16

A cock and bull story Kl. 5:45 Bi 16

Öskrandi ápi, ballett í leynum Kl. 10:15 Bi 12

> Magnús og Ingvar héldu hárinu

Fyrir leik FH og Vikings lögðu Magnús Gylfason, þjálfari Vikings, Ingvar Kale, markvörður liðsins, og fleiri leikmenn hárið sitt undir. Ef Vikingur myndi vinna leikinn þá fengi verið verkefni fyrir fagmann að ná hárinu af Magnúsi en greiðslan ku ekki hafa hagast á þjálfaranum í um 12 ár. Hún hélt meira að segja í rokinu í Eyjum og gárungarnar telja líklegt að það þurfi stórtækur vinnuvélar til að ná hárinu af. Það er skemmt frá því að segja að Vikingur gat ekki neitt í leiknum og tapaði 4-0. Aðeðan fyrir því að þeir voru svona lélegir er kannski það að þeir hafi ekki viljað fórná hárinu eftir allt saman.



sport

sport@frettabladid.is



LOGI GUNNARSSON Var stigahæstur í liði Íslands gegn Austurríki.

FRÉTTABLAÐID/ANTON BRINK

Karlalandsliðið í Korfubolta:

Stórt tap gegn Austurríki

FÓTBOLTI Íslenska landsliðið í korfubolta lék um helgina gegn Austurríkismönnum ytra og tapaði stórt. Lokatölur urðu 85-64 Austurríki í vil.

Ísland stóð vel í Austurríkismönnum framan af leik og voru t.d. yfir 49-47, þegar rúmar tvær mínutvoru eftir af þriðja leikhluta. En þá sögðu Austurríkismenn hingað og ekki lengra. Íslenska liðið lenti í miklum villu vandræðum í leiknum og missti alla stóru leikmenn sína af velli með fimm villur.

Logi Gunnarsson var stigahæstur í liði Íslands með 14 stig, Magnús Gunnarsson skoraði 11 stig og Brenton Birmingham skoraði 9 stig, auk þess sem hann tók 9 frákost.

- dsd



BIRGIR LEIFUR Keppir mikið þessa dagana.

Birgir Leifur Hafþórsson: **Ekki á meðal efstu manna**

GOLF Skagamaðurinn Birgir Leifur Hafþórsson lauk keppni á prem höggum yfir pari á móti sem framför í Frakklandi en það er liður í áskorendamótaröðinni sem Birgir tekur þátt í þessa dagana.

Birgir hafnaði í 41. sæti ásamt öðrum en mótið skolaðist mikið til vegna veðurs.

- hbg

BLIKASTÚLKUR GERA ÞAÐ GOT: KOMNAR Í ÁTTA LIÐA ÚRSLIT Í EVRÓPUKEPPNNINNI

Breiðablik spilar á móti Arsenal

Kvennalið Breiðabliks í knattspyrnu tryggði sér í gær sæti í 8 liða úrslitum Evrópukeppni meistaralaða þegar Blikastúlkur sigruðu Vitebsk, frá Hvít-Rússlandi, með einu marki gegn engu. Sigurmarkið skoraði Greta Mjöll Samúelssdóttir, en hún skoraði einnig sigurmarkið gegn Helsinki á dögumunum. Breiðablik endaði í öðru sæti í sínum riði og það dugði til að komast áfram. Það er hins vegar erfitt verkefni sem biður Breiðabliks í 8 liða úrslitunum því þá mæta Blikastúlkur ensku meisturunum í Arsenal. Leikið er heima og að heiman og fyrrí leikurinn er á Íslandi 11. október.

Guðmundur Magnússon, þjálfari Breiðabliks, var að vonum ánægður með sigurinn þegar Fréttablaðið náði tali af honum. „Ég er mjög ánægður með sigurinn. Þetta var hörkuleikur. Við vorum svona heldur lakari aðilinn í fyri hálfleik en mér fannst við vera mun sterkt í síðari hálfleik og skoruðum sigurmarkið þegar tvær mínutvoru eftir,“ sagði Guðmundur. „Okkur dugði jafntefli í leiknum og fórum því varlega inn í leikinn en þetta var hörkubarátt og stelpurnar sýndu mikinn karakter með því að sigra því þær voru örðnar mjög breyttar,“ sagði Guðmundur.

Guðmundur sagðist ekki vita mikið um Arsenal-liðið. „Ég veit bara

að þær eru enskir meistarar síðustu fjögur eða fimm ár. Ég veit hins vegar að skoski leikmaðurinn sem spilaði nokkra leiki með Val í sumar spilar núna með Arsenal og ef þær eru allar á svipuðum standard og hún er þetta hörkugott lið,“ sagði Guðmundur.

„Pessi sigur hefur mikla þýðingu fyrir okkur og segir okkur að það er ekki bara Valur sem getur spilað fótbolta af íslensku liðunum. Pessi árangur í Evrópukeppnni hefur létt mjög á okkur. Við vorum mjög ful með úrslitin í bikarúrslitunum og þetta hefur hjálpað okkur mikið,“ sagði ánægður þjálfari Breiðabliks í gær.



Myndum gera okkur að fíflum ef við værum áfram

Arnar Gunnlaugsson segir að hvorki hann né Bjarki bróðir hans muni spila áfram með ÍA ef það kemur í ljós að búið að sé að ráða Guðjón Pórðarson sem þjálfara félagsins og þeir hafi í raun aldrei komið til greina í starfið.

FÓTBOLTI Sú saga gengur fjöllunum hærra að Guðjón Pórðarson muni taka við liði ÍA eftir tímabilið og hafa sumir gengið svo langt að segja að búið sé að ganga frá mál-inu. Guðjón hefur staðfest við Fréttablaðið að hann hafi áhuga á starfinu og að menn á Akranesi hafi áhuga á því að fá hann til starfa.

Pessi orðrómur fer ekki vel ofan í númerandi þjálfara liðsins, Arnar og Bjarka Gunnlaugsson, sem hafa staðið í ströngu við að bjarga liðinu frá falli síðustu vikur og sagði Arnar í viðtali á Sýn eftir leikinn gegn ÍBV á laugardag að það hefði ekki hjálpað mikið fyrir undirbúnning leikins að sjá viðtalið sem var við Guðjón í Fréttablaðinu um morguninn.

„Þetta er búin að vera asnaleg umræða síðustu daga og tímasetningin ekki alveg upp á það besta. Þetta er líka leiðinlegt fyrir númerandi stjórn sem hefur unnið mjög vanbakklátt starf. Mér finnst þetta alveg fáránlegt ef ég á að segja eins og er,“ sagði Arnar við Fréttablaðið í gær. „Ég held að menn hefðu vel getað unnið þetta mál bak við tjöldin. Það hefði sýnt ákvæðinn klassa en það er lítt klassi við það hvernig málið hefur þróast.“

Arnar og Bjarki tóku við liðinu af Ólafi Þórðarsyni um mitt summar þegar staða ÍA var ekki glæsileg. Baráttan síðustu vikur hefur verið erfið en ÍA fór langt með að tryggja sætið er það lagði í ÍBV um helgina. Arnar hefur sagt að þeir bræður væru til í að halda áfram ef ÍA haldi sér í deildinni en ef eitthvað er að marka sögusagnirnar virðist ekki vera líklegt að tilvondandi stjórn muni vilja semja við þá bræður. En fari svo að Guðjón taki við kemur þá til greina hjá þeim bræðrum að spila áfram fyrir liðið?

„Ég hef alltaf sagt að Gaui sé



KEPPNI PEIRR AÐ LJÚKA Á SKAGANUM? Arnar og Bjarki Gunnlaugssynir gætu leikið sinn síðasta leik fyrir ÍA á ferlinum um næstu helgi. Arnar segist ekki geta leikið áfram stoltins vegna ef búið er að ráða Guðjón Pórðarson.

FRÉTTABLAÐID/VALLI

mjög góður þjálfari og ég hef góða reynslu af honum en stoltins vegna held ég að við gætum ekki verið áfram. Við myndum gera okkur að fíflum með því. Það er einfaldlega asnalegt að vera áfram eftir að hafa verið hafnað eftir að maður hefur gert fína hluti. Maður gæti eiginlega ekki litið í spegil og verið sáttur við þá ákvörðun,“ sagði Arnar og tók fram að það hefði ekcert með Guðjón persónulega að gera og hann óskaði Guðjóni alls hins besta með liðið ef hann yrði ráðinn.

Þeir bræður hafa samkvæmt heimildum Fréttablaðsins verið að vinna sem þjálfarar hjá féluginu launalaust og það er ekki hjá því komist að spryra hvort þeir líti á bessa framkomu sem vanirðingi í þeirra garð?

„Jú, það er ekki hægt að neita því og eins og ég segi á svona umræða ekki rétt á sér fyrr en mótið er búið. Það hefur greinilega farið í gang ákvæðið baktjaldamakk fyrir löngu síðan og við líttum eiginlega út eins og fífl bar sem við hófum lýst því yfir að vilja halda áfram og það hefur greinilega aldrei staðið til,“ sagði Arnar.

henry@frettabladid.is



BIRKIR BJARNASON Pessi efnilegi strákar skoraði þrója og síðasta mark Viking Stavanger í gær.

Norski fótboltinn: **Birkir og Stefán skoruðu báðir**

FÓTBOLTI Viking Stavanger sigraði Stabæk 3-1 í norska boltanum í gær þar sem Birkir Bjarnason skoraði eitt marka Viking. Birkir byrjaði leikinn á bekknun en kom inn á í stöðunni 0-1, Stabæk í vil, en hann skoraði síðasta mark leiksins á 88. mínutíu. Veigar Páll var ekki í leikmannahópi Stabæk.

Stefán Gíslason var einnig á skotskónum fyrir Lyn en hann skoraði eina mark liðsins í 1-1 jafnteflisleik við Odd Grenland. Indriði Sigurðsson var einnig í liði Lyn.

Kristján Örn Sigurðsson og Ólafur Örn Bjarnason voru báðir í liði Brann í gær sem sigraði Sandefjord á heimavelli.

Marel Baldvinsson var ekki í liði Molde sem gerði 1-1 jafntefli við Fredrikstadt og Jóhannes Harðarson var heldur ekki í liði Start sem sigraði Ham Kam 2-0.

- dsd

Heiðar Helguson: **Brákaði fyrirliðann sinn**

FÓTBOLTI Portúgalinn Luis Boa Morte, fyrirliði Fulham í ensku úrvalsdeildinni, verður líklega frá keppni í sex vikur eftir að hafa lent í samstöði við félaga síns Heiðar Helguson í leiknum gegn Tottenham í dag, en fyrirliðinn er sagður með brákað kinnbein.

- sb

15 ára gamall leikmaður, Elías Fannar Stefnisson, stóð í markinu hjá Ýjamönnum gegn ÍA á laugardaginn:

Fékk að vita það í upphitun að hann ætti að spila

FÓTBOLTI Elías Fannar Stefnisson, 15 ára gamall markvörður úr Ýjum, stóð á milli stanganna þegar ÍBV heimsótti ÍA á laugardaginn. Elías Fannar er fæddur 17. október árið 1990 og var því 15 ára og 334 daga gamall þegar hann lék sinn fyrsta leik fyrir ÍBV. Þrátt fyrir ungan aldur er Elías Fannar ból ekki yngsti leikmaður sem leikið hefur efstu deild í meistaraflokkar karla í knattspyrnu. Árn Ingvi Pjetursson á það met en hann var 15 ára og 149 daga gamall þegar hann lék sinn fyrsta deildarleik með KR í efstu deild.

„Þetta var bara frábær tilfönnинг og mér leið bara mjög vel. Ég

var alls ekkert stressaður. Bara rólegur og fínn,“ sagði Elías Fannar í gær en hann fókk ekki að vita fyrr en í upphituninni fyrir leikinn að hann ætti að byrja inn á. Guðjón Magnússon meiddist á æfingun á föstudaginn en ætlaði þó að reyna að spila leikinn á laugardaginn. Það gat hann ekki þegar upp var staðið.

„Ég bjóst nú við að þetta yrði erfðaraða og meira stressandi en þetta er bara ekkert mikið erfðaraða flokki,“ sagði Elías Fannar sem er ekki viss um hvort hann ætti að spila með ÍBV í framtíðinni.

- dsd



ÁKVÆÐINN Hinn 15 ára gamli Elías Fannar Stefnisson stóð sig eins og hetja gegn ÍA og verður ekki sakaður um mörkin fjögur.

FRÉTTABLAÐID/ÍRÍKUR

VIÐ LEITUM AÐ SÖNGVURUM OG SÖNGHÓPUM!



STÆRSTI SJÓNVARPSVIÐBURÐUR Í 20 ÁRA SÖGU STÖÐVAR 2

ÁHEYRNARPRÓF

3. október Hótel Kea, Akureyri.
14. október Nordica Hótel, Reykjavík.

SKRÁNING ER HAFIN Á XFACTOR.IS

Allir eldri en 16 ára eru velkomnir.



X-Factor hefur farið sigurför um heiminn.
Taktu þátt í stærsta sjónvarpsviðburði á Íslandi!

www.xfactor.is



ROY KEANE Lýsti nýverið yfir dálæti sínu á Jose Mourinho. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Roy Keane:

Lítur upp til José Mourinho

FÓTBOLTI Roy Keane, framkvæmdastjóri Sunderland, segir að José Mourinho, stjóri Chelsea, hafi yfirhöndina yfir aðra stjóra í úrvalseildinni.

„Mourinho er klókur og það sem hann segir og gerir hefur áhrif á hans lið og andstæðingana,“ sagði Keane og hann tók dæmi sem átti sér stað á síðustu leiktið. „Í síðasta leiknum á síðasta tímabili var Chelsea að vinna Manchester United 3-0 og begar tvær mínútur voru eftir af uppbórtartíma för Mourinhó til Sir Alex Ferguson og tók í höndina á honum. Parna var Mourinhó að segja „Leikurinn er búinn, deildin er búin, 3-0 fyrir okkur“ og Ferguson var örugglega ekki ánægður með þetta,“ sagði Roy Keane.

- dsd

Spænski handboltinn:

Ciudad Real marði sigur

HANDBOLTI Evrópumeistarar Ciudad Real mörðuðu sigur, 26-27, gegn liði Sigfúsar Sigurðssonar, Ademar Leon, í spænsku úrvalseildinni í gær.

Sigfús Sigurðsson skoraði eitt mark fyrir Ademar en Ólafur Stefánsson lék ekki með Ciudad Real að þessu sinni.

- hbg



SIR ALEX FERGUSON Hefur unnið allt sem hægt er að vinna með lið Manchester United. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Sir Alex Ferguson:

Er alls ekkert á því að hætta

FÓTBOLTI Sir Alex Ferguson, framkvæmdastjóri Manchester United, segist alls ekki vera á þeim buxunum að hætta sem stjóri liðsins. „Að hætta? Þú hlýtur að vera að grínast, sérstaklega þegar þú skoðar hinn möguleikann en hann er að vera heima hjá konunni,“ sagði Ferguson.

„Ég verð a.m.k. hjá Manchester United betta tímabil og það næsta. Ég verð 65 ára í lok ársins og ég vil meina að ég eigi ennþá tvö ár eftir í boltanum,“ sagði Sir Alex Ferguson.

- dsd

Tvö sigursælustu lið enku úrvalseildarinnar, Manchester United og Arsenal, mættust á Old Trafford í gær:

Arsenal vann sinn fyrsta leik í deildinni

FÓTBOLTI Manchester United tók á móti Arsenal á Old Trafford í gær og það voru gestirnir í Arsenal sem fóru með sigur af hólmi. Emmanuel Adebayor skoraði eina markið undir lok leiksins eftir að Ronaldo missti boltann heldur klaufalega á miðjunum vallarhelmingi Manchester United. Í fyrri hálfleik varði Tomasz Kuszczak vítasprunu frá Gilberto Silva en vítasprynan var dæmd eftir að Kuszczak braut á Adebayor. 1-0 sigur og fyrsti sigur Arsenal í deildinni á þessu tímabili staðreyn.

„Það var mjög mikilvægt fyrir mig að skora mitt fyrsta mark á

tímabilið. Við vorum ákveðnir í að vinna okkar fyrsta sigur í deildinni og við sýndum að við erum með gott lið. Við erum ánægðir og sjálfstrauði er komið aftur í liðið,“ sagði Adebayor eftir leikinn í gær.

Arsene Wenger, framkvæmdastjóri Arsenal, var að vonum ánægður með sína menn. „Það sást vel í þessum leik að við erum með sterkt lið. Við viljum vinna úrvalseildina. Ég sagði það fyrir leikinn og ég segi það aftur að þetta lið er sigurstranglegt og ég hef mikla trú á mínu liði,“ sagði Arsene Wenger.

Sir Alex Ferguson, stjóri

Manchester United, viðurkenndi að sigur Arsenal væri verðskuldaður. „Við virkuðum þreyttir í síðari hálfleiknum og ég geti ekki neitað því að Arsenal átti sigurinn skilið. Við fengum tækifæri til að skora mörk, sérstaklega í fyrri hálfleik, en ekki nógó góð til að vinna leikinn,“ sagði Ferguson en hann vildi ekki kenna Ronaldo um markið.

- dsd

EMMANUEL ADEBAYOR Fagnar hér markinu sem hann skoraði í gær við litla hrifningu áhorfenda Manchester United.

NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES



Yndislegt að spila á miðjunni

Tryggvi Guðmundsson er besti leikmaður 17. umferðar Landsbankadeilda karla að mati Fréttablaðsins. Tryggvi fór á kostum á miðjunni hjá FH gegn Víkingi, skoraði eitt mark og var sem kóngur í ríki sínu.

FÓTBOLTI FH-ingar tryggðu sér Íslandsmeistaratalitinn í knattspyrnu á laugardag þegar beir niðurlægð Víkinga, 4-0. Maðurinn að bak við sigur FH í leiknum var Tryggvi Guðmundsson en hann var færður inn á miðjuna í leiknum enda verið mikið um meiðslí í herbúðum FH-inga í sumar. Það virðist eiga vel við Tryggvi að leika inni á miðjunni því hann lék eins og kóngur, dreifði boltanum til hægri og vinstri og var arkitektinn á bak við flestar söknir FH í leiknum.

„Þetta var frábært og yndislegt að spila þessa stöðu. Maður er miklu meira með í leiknum og ég er þannig leikmaður að ég vil vera mikið í boltanum og því hentar þetta mér ansi vel,“ sagði Tryggvi brosmildur eftir leikinn gegn Víkingi. „Maður á það til að hverfa á kantinum ef hlutirnir ganga ekki sem skyldi og þess vegna var

miklu skemmtilegra að vera inni á miðjunni núna og fá að vera stanslaust í boltanum. Það er klárt að ég er að taka þetta hlutverk sökum meiðsla en ég get vel hugsað mér að spila þessa stöðu í framtíðinni.“

Tímabilið hefur verið mjög furðulegt hjá FH. Fimleikafélagið gekk frá mótinu í raun og veru eftir um ellefu umferðir og í kjölfarið slakaði liðið aðeins á klónni.

Þrátt fyrir það, og fá stig í síðustu leikjum, var forysta liðsins mjög örugg allan tímann og alltaf tímaspursmál hvenær FH kláraði mótið.

„Það var allaf verið að tala um að við værum búnir að eyðileggja mótið og þess vegna ákváðum við að slaka á,“ sagði Tryggvi og hló. „Við höfum ekki verið að vaela mikið í sumar en staðreyndin er samt sú að við erum búnir að missa 7-8 lykilmenn í meiðslí og við höfum til að mynda prófað sex mismunandi framherja í átján leikja móti.

Við erum búnir að prófa 9-10 leikmenn í vörninni og þessi staðreynd gerir sigurinn á mótinu ensætari en ella.

Svo erum við með una stráka sem koma inn og standa sig vel þannig að framtíðin er björt. Vissulega er þetta öðruvísi en þegar við unnum mótið í fyrra en samt jafn sætt,“ sagði



MARIK FAGNAÐ Tryggvi Guðmundsson fór á kostum í leik FH og Víkinga á laugardag og hann fagnar hér marki sínu í leiknum.

FRÉTTABLAÐID/VILHELM

Tryggvi sem verður áfram í herbúðum FH næsta sumar en hann á ár eftir af nýverandi samningi sínum við félagið.

henry@frettabladid.is



Erkifjendurnir Chelsea og Liverpool mættust í gær og það var glæsimark frá Didier Drogba sem réð úrlitum:

Liverpool tapaði sínum öðrum leik í röð

FÓTBOLTI Chelsea og Liverpool hafa oft eldað grátt silfur á síðustu árum og það er líttill kærleikur á milli liðanna. Leikurinn í gær var æsispennandi og eins og svo oft áður þa var eitt mark sem skildi liðin að. Didier Drogba skoraði sigurmarkið undir lok fyrri hálfleiks með glæsilegu skoti fyrir utan teiginn. Drogba sneri bakinu í markið þegar hann fékl háð sendingu, tók boltann á brjóstið, var eldsnöggur að snúa sér og skoraði með góðu skoti.

Í upphafi síðari hálfleiks fékk þýski miðjumaðurinn hjá Chelsea Michael Ballack að lita rauða spjaldið þegar hann traðkaði á Mohamed Sissoko, leikmanni Liverpool, en áður hafði Sissoko sloppið með skrekkinn þegar hann átti að fá sitt annað gula spjald. Liverpool lék því einum manni fleiri í u.p.b. 40 mínútur en náiði ekki að nýta sér liðsmuninn.

José Mourinho, stjóri Chelsea, var að vonum ánægður með sigurinn og hann gat ekki annað en viðurkennt að rauða spjaldið hafi verið verðskuldað. „Þetta var



GLÆSILEGU MARKI FAGNAÐ Didier Drogba skoraði glæsilegt mark i gær og fagnaði því að hætti hússins.

NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

augljóslega rauðt spjald. Þetta er í fyrsta skiptið á ferli Ballacks sem hann fær beint rauðt spjald. Hann kom of seint inn í tæklinguna, boltinn var farinn, hann steig á Sissoko og þetta var rauðt spjald. Eftir það vorum við manni færri í langan tíma og þa var bara spurning að ná þremur stigum en ekki að spila fallegan fótbalta. Við áttum sigurinn skilið,“ sagði Mourinho.

Framkvæmdastjóri Liverpool, Rafa Benitez, tók undir það að Sissoko hefði átt að fá rauðt en bætti við að Liverpool hefði átt að fá vitaspurnu. „Lampard ýtti greinilega Steven Gerrard inni í teignum. Við áttum meira skilið í þessum leik og sköpuðum nokkur mjög góð færð gegn góðu liði,“ sagði Benitez.

Liverpool er nú aðeins með fjögur stig eftir fjóra leiki. Auk þess hefur Liverpool aðeins fengið eitt stig og skorað eitt mark í þremur útileikjum á tímabilinu. „Ef við skoðum tölfræðina þá höfum við átt að fleiri mark tilraunir en andstæðingarnir í þessum þremur leikjum. Í dag fengum við mark á okkur af því að Drogba er góður leikmaður en ekki af því að við gerðum mistök. Það er augljóst að við erum að bæta okkar leik og við þurfum að fá stig en tímabilið er bara rétt byrjað,“ sagði Benitez um stöðu mála.

Petta var annað tap Liverpool í röð en um síðstu helgi tapaði Liverpool illa fyrir Everton. - dsd

ALLT ER ÞEGAR ÞPRENNNT ER!



HELGARBLAÐ DV ER KOMIÐ ÚT!

Helgarblað DV, Menning og DV sport!
Preföld ánægja um helgar.

DV
LIFANDI PAPPÍR!

ÚR BÍÓHEIMUM

Hver mælti og í hvaða kvikmynd?
„If you ever want to sleep at night, don't marry a beautiful girl.“
Svar: Russell Bell (Billy Bob Thornton) ír Pushing Tin 1999.

dagskrá



VIÐ TÆKIÐ FREYR GÍGJA GUNNARSSON MISSIR ALDREI AF NEINU

Allt í plús hjá sjónvarpsstöðvunum

Stöð 2 braut blað í sögu sjónvarpsins hér á landi þegar hún byrjaði með sjónvarpsstöðina Stöð 2+. Útsendingarnar þar voru klukkutíma á eftir „upphaflegri“ dagskrá og þannig gátu áskrifendur tekið lífinu með ró þótt þeir væru að missa af eftirlætiþáttum sínum ef þeir voru vant við látnir. Þeir höfðu einfaldlega klukkutíma í viðbót til að ganga frá sínum málum og gátu síðan sest niður í næði og fylgst með ... klukkutíma síðar.

Síðan þá hafa aðrar íslenskar stöðvar tekið þetta upp. Sýn 365, fylgdi fljótega í kjölfarið sem hefur gert íþróttá-sófaáhugamönnum kleift að stressast ekki allir upp upp þótt þeir missi af fyrri hálfleiknum og blaðr-

inu í hléi. „Plúsinn“ getur því bjarg- að leiknum. Síðan bættust við Skjár einn og nú síðast RÚV og því geta sjónvarpssjúklungar eins og ég tekið lífinu með ró þótt eftirlætiþáttirnir séu sýndir á sama tíma á mismunandi stöðvum því plússtöðin bjargar því. Enginn þarf lengur að missa af neinu.

Ég hef sjálfur notið mjög góðs af þessari stöð. Þegar eftirlætiþátturinn minn hefur runnið sitt skeið tekur húsfreyjan sig gjarnan til og spólar sig í gegnum dagskrá sjónvarpsins. „Sjáðu, ég hefði getað horft á Oprah,“ segir hún stundum en ég bara brosi og bendi henni á „plúsinn“. „Pú ert ekki búin að missa af neinu.“



PLÚSINN Nú getur fjólskyldufaðirinn horft á sinn þátt og húsfreyjan situr bara róleg og nýrt sér þjónustu „plúsins“.



► 23.20
Íþróttir

ENSKU MÖRKIN



► 21.35
Drama

HUFF



► 21:30
Veruleiki

SO YOU THINK YOU CAN DANCE 2



► 22:00
Veruleiki

THE CONTENDER



► 07.00
Dægurmál

ISLAND Í BÍTIÐ

SJÓNVARPIÐ



6.58 Ísland í bítið 9.00 Bold and the Beautiful
9.20 í finu formi 2005 9.35 Oprah 10.20 My Sweet Fat Valentine 11.10 Kidnapped

12.00 Hádegisfréttir 12.25 Neighbours 12.50 í finu formi 2005 13.05 Home Improvement 13.30 Life as a House 15.35 Ítalauævntýri Jamie Oliver 16.00 Skrifslasplíði 16.20 Titteuf 16.45 Ginger segir frá 17.05 Smá skritir foreldrar 17.30 Froskafjör 17.40 Bold and the Beautiful 18.05 Neighbours

18.30 Vistaskipti (16:26) (Foreign Exchange) Þáttaröð um ástralskan strákr og írska stelpu sem finna gátt sem þau geta farið um milli landanna tveggja og á ferðalögum sínum lenda þau í margvislegum ævintýrum.

19.00 Fréttir, íþróttir og veður

19.35 Kastljós

20.20 Sjónlist 2006 (1:2) Kynntir eru listamenn sem hafa verið til tilnefndir til Sjónlistar 2006 fyrir hönnun.

20.30 Svona var það (11:22) (That 70's Show) Bandarísk gamanþáttaröð um ungt fólk á áttunda áratugnum.

20.55 Hið nyja Al-Qaeda (3:3) (The New Al-Qaeda) Fréttamaðurinn Peter Taylor rannsakar hið nyja Al-Qaeda og hættunar sem stafa af þessum hryðjuverkasamtökum nú á dögum.

22.00 Tíufréttir

22.25 Sjónvarpið 40 ára (12:21)

22.35 Glæpahneigð (10:22) (Criminal Minds)

► 23.20 Ensku mörkin (4:32) 0.15 Ryderbikarinn 1.05 Kastljós 1.50 Dagskrálok

0.15 The Inside (Strangl. b. börnum) 1.00 NCIS (B. börnum) 1.45 Inspector Linley Mysteries 2.30 For a Few Dollars More (Strangl. b. börnum) 4.35 Huff B. börnum) 5.35 Fréttir og Ísland í dag 6.45 Popp TíVí

BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

6.00 Indiana Jones and the Last Crusade (Bönnuð börnum) 8.05 The Importance of Being Earnne 10.00 What a Girl Wants 12.00 Stuck On You 14.00 The Importance of Being Earnne 16.00 What a Girl Wants 18.00 Stuck On You

20.00 Indiana Jones and the Last Crusade (e) Bönnuð börnum.

22.05 Matchstick Men (Svikrahappar) Bönnuð börnum.

0.00 Poltergeist 3 (BB) 2.00 Firestorm (BB)

4.00 Matchstick Men (B)

14.00 Blackburn – Man. City (e) 16.00 Bolton – Middlesbrough (e) 18.00 Prumuskot

19.00 Man. Utd. – Arsenal (e)

21.00 Að leikslokum (b).

22.00 Tottenham – Fulham (e)

0.00 Að leikslokum 1.00 Dagskrálok

22.45 24 (3:24) (e) Bönnuð börnum. 23.30 24 (4:24) (e) 0.15 Seinfeld 0.40 Entertainment Tonight (e)

SKJÁR SPORT

Dagskrá allan sólarhringinn.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

E! ENTERTAINMENT

12.00 E! News Weekend 13.00 101 Most Awesome Moments in Entertainment 17.00 Sexiest Bad Girls 18.00 E! News Weekend 19.00 Special Jennifer Aniston: America's Sweetheart 20.00 101 Most Starlicious Makeovers 21.00 Sexiest Bad Girls 22.00 Girls of the Playboy Mansion 22.30 Girls of the Playboy Mansion 23.00 Naked Wild On 23.30 Naked Wild On 0.00 Special Jennifer Aniston: America's Sweetheart 1.00 101 Most Starlicious Makeovers 2.00 101 Most Awesome Moments in Entertainment

SJÓNVARP NORDURLANDS

Fréttapátturinn Korter er sýndur kl. 18.15 og endur-sýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

Survivor: Cook Islands

Umtalaðasti Survivor þátturinn frá upphafi
í kvöld kl. 21.00 á SKJÁEINUM.

SKJÁREINN næst í gegnum Skjáinn og Digital Ísland



VIÐ MÆLUM MED

Survivor: Cook Island

SkjárEinn kl. 21.00

Umdeildar aðferðir

Survivor-keppnin fer nú fram í þrettanda sinn og í þetta skiptið fer keppnin fram á Kyrahafseyjunni Cook Islands. Þátttakendur eru eins misjafnir og þeir eru margir og nú hefst leikurinn með því að skipt verður í fjóra „ættbálka“ eftir kynþætti og uppruna. Þessi ákvörðun hefur valdið miklu fjaðrafoki í Bandaríkjunum og þættirnir hafa vakið meiri athygli en nokkru sínni fyrr. Líkt og í síðustu þáttaröð verður alltaf einn keppandi sendur í útlegð þar sem hann er einangraður frá félögum sínum en fær um leið tækifæri til að leita að friðhelgisoðinu sem getur komið sér vel seinka meir. Keppendur eru litríkir og þeirra á meðal eru djassisti, atvinnumaður í blaki, lögreglukona, þungarokkari, lögfræðingur og leikkona.



■ Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvívar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnáttar er nauðsynleg þó leikið sé með tölmum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

Lausn á gátu gerdagsins

8	4	2	1	6	3	5	9	7
9	6	5	2	8	7	4	3	1
1	7	3	9	4	5	6	2	8
4	8	9	7	2	1	3	5	6
6	5	1	3	9	4	8	7	2
3	2	7	8	5	6	1	4	9
2	9	4	6	3	8	7	1	5
7	3	6	5	1	9	2	8	4
5	1	8	4	7	2	9	6	3

7			3		
	8		6	1	2
		7	2	5	
5			7	8	9
	1	9	2		5
		3	4	9	
4	6	5		3	
		7			1

NFL LEIKUR

► 18.30
Ruðningur

SÝN
besta setið

15.40 Spænski boltinn (Real – Madrid – Real Sociedad) 17.20 Landsbankamörkin 2006 18.00 Íþróttaspjallio 18.12 Sportið

► 18.30 NFL – ameríkska ruðningsdeildin (NY Jets – New England)
20.30 Steven Gerrard: Ár í líf (Steven Gerrard – A Year In my Life part 1)
21.30 Spænsku mörkin
22.00 Ensku mörkin (Ensku mörkin 2006–2007)
22.30 KF Nörd (3:16) (Mekka knattspyrnunar) Leiðin liggr á Akranes þar sem leikmenn KF Nörd munu búra að leysa hinar ýmsu þrautir og gera það svo sannarlega misvel. Skagamenn eru gestrisnir og takla vel á móti þeim og einn þeirra er þjóðþekktur knattspyrnumáður sem nördarnir þekkjá að sjálfssögðu ekki. Í lokin mætir KF Nörd helstu framtíðarsjörnum Skagamanna í sannkölluðum hörkuleik.

23.15 Saga fótboltans 0.10 Heimsmótaröðin í Póker

RÁS 1 FM 92,4/93,5
6.30 Morguntónar 6.50 Bæn 7.05 Morgunvaktin 9.05 Laufskálinn 9.45 Morgunleikfimi 10.13 Stefnumót 11.03 Samfélagið í nærmynnd
12.20 Hádegisfréttir 13.00 Vitt og breitt 14.03 Útvarpssagan: Inferno 14.30 Miðdegistónar 15.03 wítam na islandin – velkomin til Íslands 16.13 Hlaupanótan 17.03 Viðsjá 18.25 Spegillinn 19.00 Vitinn 19.30 Laufskálinn 20.10 Söngvamál 21.00 Heimurinn okkar 21.55 Orð hlöldisins 22.15 Úr tónlistarlinnu: Sumartónleikar í Skálholtssirkju 2006
0.10 Útvarað á samtgendum rásun

RÁS 2 FM 90,1/99,9
6.05 Morguntónar 6.30 Morgunútvarp Rásar 2 9.03 Brot úr degi
12.20 Hádegisfréttir 12.45 Poppland 16.10 Siðdegsútvarprið
18.00 Kvöldfréttir 18.25 Spegillinn 19.00 Sjónvarpsfréttir 19.30 Á vellinum 22.00 Fréttir 22.10 Upptruni tegundanna 0.00 Fréttir 0.10 Popp og ról 0.30 Spegillinn 1.10 Glefsur

BYLGJAN FM 98,9
7.00 Ísland í bítið 9.00 Ívar Guðmundsson

12.00 Hádegisfréttir 12.20 Óskalagahádegi 13.00 Rúnar Róborts 16.00 Reykjavík Siðdegis

18.30 Kvöldfréttir og Ísland í dag 19.30 Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs 1.00 Ragnhildur Magnús-dóttir


AÐRAR STÖÐVAR

FM 90,9 TALSTÖÐIN
FM 99,4 ÚTVARP SAGA
FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin
FM 102,2 Útvær Latibær / Fjölskyldu útvær
FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni
FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying
FM 105,5 Útvær Boðun / Kristilegt efni
FM 89,5 Kiss / Nyja bítið í baennum
FM 88,5 XA-Ráðið / 12 spora efni
FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying
FM 97,7 X-ið / Enginn viðþjóður





...knattspyrnudeild Fimleikafélags Hafnafjardar sem fagnaði sínum þriðja Íslandsmeistaratið á jafnmögum árum á laugardaginn.



LÁRETT

2 umrót 6 tveir eins 8 keyra 9 heiður
11 ógrynni 12 vörubyrgðir 14 frosktag-
und 16 utan 17 æðri vera 18 drulla 20
guð 21 skjötur.

LÓÐRETT

1 tísku 3 samtök 4 vontun 5 kóf 7
landbúnaðartæki 10 síða 13 mælein-
ing 15 megin 16 upphrópun 19 slá.

LAUSN

16 útf., 19 ræ.
kæf, 7 matkot, 10 aga, 13 erg, 15 aðal,
LÓÐRETT: 1 stæll, 3 aa, 4 skortur, 5
fot, 20 ræ, 21 flárt.
LÁRETT: 2 rask, 6 tt, 8 aka, 9 seða, 11

VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. Jóhann Ársælsson
2. Kjötborg
3. FH



Lærimeistarar í stað dómara

Skráningar fyrir X-Factor bátt Stöðvar 2 eru hafnar og hafa þegar tugir áhugasamra skráð sig til leiks. Áheyrnarpurufur hefjast 3. október á KEA-hótelinu en síðan verður halddi til höfuðborgarinnar þar sem prufur fara fram dagana 14. og 15. október á Nordica hótelinu.

Að sögn Þórs Freyssonar, framleiðanda þáttanna, eru aðstandendur X-Factor mjög spennir að sjá hvernig tónlistarmenn landsins bregðast við þáttinum í ljósi

ÞÓR FREYSSON Segir X-Factor bæði snúast um baráttu milli þáttakendanna og baráttu milli dómarranna þrigga.

bess að takmarkanir á þátttöku eru nánast engar, þáttakendur þurfa eingöngu að hafa náð sextán ára aldrí. „Þetta geta verið söngvarar, söngþópar eða hljómsveitir,“ segir Þór.

„Allt snýst þetta um leitina að hinum óþekkta eiginleika,“ bætir hann við.

X-Factor er einnig frábrugðinn inn hinum vinsæla

Idol-bætti að því leyti að dómarnar hafa mjög mikilvægu hlutverki að gegna en sem kunnugt er er dómnefndin skipuð beim Einari Bárðarsyni, Ellý í Q4U og Páli Óskari. „Eftir að áheyrnarpurufum lýkur verða bau hálfgerðir lærimeistarar,“ segir Þór en eftir áramót er reiknað með að tólf atriði standi eftir, fjögur frá hverjum dómara. „Í úrslitabættinum verða síðan þrjú atriði sem berjast um þennan titil,“ segir Þór.

„Þetta er nefnilega ekki síður keppni á milli þeirra heldur en keppendanna,“ bætir Þór við. - fgg

DÓMNEFNDIN Hefur mun mikilvægaru hlutverk í X-Factor en þátturinn er ekki síður baráttu þeirra á milli.



JÓN ATLI HELGASON: MISSTI GÓÐAN VIN Í BIFHJÓLASLYSI

Samdi lag til minningar um gamlan skólabróður

Umferðin hefur tekið sinn toll það sem af er árinu en nú þegar komið er um miðjan september hafa 20 lárist. Jón Atli Helgason, hárgeiðslumaður og forsprakki hljómsveitarinnar Hairdoctor, missti gamlan skólabróður og góðan vin, Birkir Hafberg Jónsson, í mótorhjólaslysi fyrr á árinu og hafði sú reynsla mikil áhrif á hann. Birkir lést þegar hann missti stjórn á bifhjóli sínu á Suðurlandsveg við Eystri-Rangá þann 22. júlí en ekki var um hraðakstur að ræða.

A heimasiðu sem halddi er úti til minningar um Birki er að finna lag sem Jón Atli samdi til félaga síns og heitir My Childhood Hero. „Þetta var mjög erfið upplifun og kvöldið sem við fengum fréttina settist



ÞJÓÐARÁTAK GEGN BANASLYSUM Fjölmennir borgarafundir voru haldnir við vegar um landið til að hleypa úr vör þjóðarátaki gagnbanaslysum í umferðinni.

ég niður og samdi lagið,“ segir Jón Atli. „Einhvern veginn er það bannig að þegar maður upplifir mikla sorg fer eitthvaðmikil skópunarferli í gang,“ bætir hann við en daginn eftir fór Jón Atli í upptökuvver sitt og tók lagið upp.

Pessi lífslreynta hefur

sett mark sitt á Jón Atli og breytt viðhorfi hans til umferðarinnar. „Ég var mikill mótorhjólakarl og langaði að kaupa mér mótorhjól,“ segir hann. „Eftir þetta get ég varla hugsað mér að gera það,“ útskýrir Jón Atli en lætur þess bó getið að hann sé ekki að hvetja fólk til að sniðganga mótorhjól sem slik.

Í síðustu viku var þjóðarátakinu Nú segjum við STOPP hrundið af stað en því er ætlað að vekja fólk til umhugsunar um hegðun sína í umferðinni og segja stopp við banaslysum á vegum Íslands. Jón Atli sagðist hafa fylgst vel með þessu átaki og taldi löngu tímabært að taka hvers kyns glæfraakstur og hraðakstur úr umferð. Þegar hafa tæplega 19 búsdund Íslendingar skráð sig á vef átaksins og virðist því sem íslenska þjóðin ætti sér að standa saman um þetta mikilvæga málefni.


freyrgigja@frettabladid.is



JÓN ATLI Skólabróður Jóns Atla, Birkir Hafberg Jónsson, var aðeins 26 ára þegar hann lést í bifhjólaslysi á Suðurlandsvegi.

FRÉTTIR AF FÓLKÍ

Hjólin eru heldur betur farin að snúast hjá vöðabúntinu **Agli Gillzenegger Einarssyni** þessa dagana. Ekki nóg með að hann sé að ihuga framboð til Alþingis heldur mun hann opna nýja vefsíðu á næstunni. Gillz finst allt of mikil af fólk verá „að skíta upp á bak“ úti í samfélögum og það sé skylda hans og félaga hans að láta þetta fólk heyma það. Hann ætlar því að vippa sér aftur í netheimana til að minna fólk á það sem betur má fara. Það verður stjórnnum prýtt lið sem mun skrifa á væntanlega vefsíðu og má þar nefna **Ásgeir Kolbeins**, **Arnar Grant**, **Þorvald Davíð** og **Dóra DNA**. Gillz heimilar eingöngu frægum að skrifa pistla á síðuna.



Tónlistarkonan **Björk Guðmundsdóttir** er þessa dagana að leita að nýrri barnfóstru fyrir dótturina **Ísadóru**. Björk vill íslenska fóstru svo dóttirin haldi við íslenskunni, en hún talar bæði íslensku og ensku við foreldra sína. Á laugardaginni tók Björk nokkrar alítlegar fóstrur í viðtal vegna starfsins en ekki fylgir sögunni hvort hún sé búin að finna ákjósanlegan kandítat.



Aðdáendur breska leikarans **Ray Winstone** urðu fyrir nokkrum vonbrigðum með sinn mann á föstudagskvöldið. Þá var frumsýningu kvíkmyndarinnar **The Proposition** fagnað með partíi á Rex og flestir höfðu búist við því að Winstone léti sjá sig enda kom hann hingað til lands sérstaklega til að vera við frumsýninguna. Hvorki sást tangur né tetur af leikaranum og er því hvíslað að hann hafi farið snemma í bólíð til að komast á hundaveðreiðar í Bretlandi.



Með ágætiseinkunn frá Harvard

Mér gekk svo sem ágætlega,“ játar Eiríkur Jónsson lögmaður með semingi, spurður hvernig honum hafi gengið í framhaldsnámi í lögfræði við Harvard-háskóla í Bandaríkjunum. Þaðan sneri hann aftur heim í sumar eftir ársdöl, reynslunni ríkari og með ágætiseinkunn í farteikinu.

„Það er reyndar engin formleg lokaeinkunn gefin fyrir námið í heild,“ áréttar hann. „En ef ein-kunnir í öllum námskeiðnum eru lagðar saman og deilt í með fjöldu þeirra virðist meðalein-kunnin hafa hljóðað upp á A.“

Eiríkur hreykir sér þó ekki hátt og tekur þessum glæsilega árangri við einn virtasta háskóla

heims með hógværð. Námið laut einkum að mannréttindum og lokaverkefnið fjallaði um tjáningsfrelsið en meðal annarra verkefna hans fjallaði eitt um leiðtogafund Ronalds Reagan og Mikhail Gorbatsjov í Reykjavík árið 1986 og möguleika Íslands til að verða frekari vettvangur alþjóðlegra samningaviðræðna.

Eiríkur lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 2002 og starfaði sem lögmaður í þrjú ár, þar til í fyrra þegar hann sótti um - og fékk - styrk sem kenndur er við Frank Boas. „Þessi styrkur var ansi riflegur og án hans hefði ég sjálfsagt ekki átt kost á náminu við Harvard. Skólagjöldin þarna úti eru jú



EIRÍKUR JÓNSSON Hreykir sér ekki hátt þrátt fyrir glæsilegan árangur.

býsna drjúg,“ segir Eiríkur sem starfar nú hjá lögfræðistofunni

Landslög auk þess að kenna lögfræði við Háskóla Íslands. - b



13.01.06 † Sæbraut
Pétur Sigurðsson
59 ára



19.01.06 † Hnifsdalsvegur
Þórey Guðmundsdóttir
17 ára



23.02.06 † Bæjarbraut
Halla Margrét Ásgeirs dóttir
15 ára



28.02.06 † Sæbraut
Guðrún Jónsdóttir
18 ára



04.03.06 † Hjalteyrargata
Sesar Þór Viðarsson
19 ára



07.05.06 † Kjósarskarðsvegur
John Joseph Cramer
47 ára



06.06.06 † Elliðavatnsvegur
Hallgrímur Páll Guðmundsson
34 ára



02.07.06 † Varmahlíð
Sigrún Kristinsdóttir
20 ára



02.07.06 † Öræfasveit
Heiðar Þórarinn Jóhannsson
52 ára



23.07.06 † Drangsnesvegur
Þórður Björnsson
83 ára



23.07.06 † Eystri-Rangá
Birkir Hafberg Jónsson
26 ára



07.08.06 † Suðurlandsvegur
Rósa Björg Guðmundsdóttir
36 ára



16.08.06 † Kjalarnes
Linda Björg Rafnsdóttir
16 ára



16.08.06 † Garðskagavegur
Guðmundur Adam Ómarsson
21 árs



16.08.06 † Garðskagavegur
Jóhann Fannar Ingibjörnsson
34 ára



20.08.06 † Vesturlandsvegur
Eugeniusz Leszek Lojko
47 ára



23.08.06 † Vesturlandsvegur
Dariusz Wojewoda
25 ára



27.08.06 † Faxabraut
Bryndís Zophoníasdóttir
74 ára



28.08.06 † Borgarfjarðarvegur
Unnur Betty Guðmundsdóttir
18 ára



14.09.06

NÚ SEGJUM VIÐ STOPP!

Það sem af er þessu ári (12. september) hafa nítján einstaklingar látið lífið í umferðarslysum á Íslandi. Þetta er hræðilegur fórnarkostnaður og við hljótum að spryja hvort lífi einhvers þeirra hefði ekki mátt bjarga með betri umferðarmenningu.

Við skorum á alla Íslendinga að segja stopp.
Þú getur lagt þitt af mörkum með því að fara inn á www.stopp.is. og skrifa undir yfirlýsingum um betri hegðun í umferðinni.

Við vottum aðstandendum hinna látnu okkar dýpstu samúð og þökkum þeim fyrir að leggja okkur lið í þessu brýna verkefni.

www.stopp.is



UMFERÐARSTOFA

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 RITSTJÓRN: 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is AUGLÝSINGADEILD: auglysingar@frettabladid.is VEFFANG: visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000



BAK PANKAR

PRÁINS BERTELSSONAR

Pegjandi og hljóðalaust

Í bankastjórn Seðlabankans sitja: Eiríkur Guðnason, Ingimundur Friðriksson og formaðurinn Davið Oddsson. Tveir hinir fyrرنefndu eru bankmann en sá síðastnefndi mótaði þá stjórnmálaumræðu á Íslandi sem sumir segja að sé sama þvælan aftur og aftur. Og kemur nú með jöfnu millibili eins og bilaður geisladiskur og tilkynnir vaxtahækken.

Í HVERT sinn sem aðalbankastjórnin birtist til að hækka vextina til að slá á þá verðbólgu sem næstsíðasti forsætisráðherra landsins átti djúgan þátt í að koma af stað heyrast kveinstafir frá Samtökum atvinnulífsins. En það er nafnið á sjúklingnum sem næstsíðasti forsætisráðherra smitaði og Seðlabankinn er að reyna að lækna. Við síðustu vaxtahækken sagði framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins „að sem betur fer sé atvinnulífið að stórum hluta fjármagnað með erlendum lánum sem ekki beri svona háa vexti.“ Og bætur því við „að fyrirtækin væru örðin gjaldþrota ef þau hefðu þurft að taka lán í krónum ...“

ÞAÐ getur ekki verið skemmtilegt fyrir bjargvættirnar í Seðlabankanum að fá svona traktingar frá þeim sem verið er að reyna að hjálpa. Ef fyrirtækin í landinu setja á harmatölur í hvort sinn sem stjórn Seðlabankans fer á kreik, hvað má þá almenningu segja? Framkvæmdastjórinн lét þess getið að hætt sé við því að markaðurinn muni missa trúna á Seðlabankann. Og þá er varla von að sauðsvartir vaxta- og verðbótbærar bindi miklar vonir við Seðlabankann þegar Samtök atvinnulífsins hafa ekki tiltrú á honum lengur.

TRÚNAÐARBRESTUR er alvarlegt mál. Það er dýrt spaug að reka seðlabanka sem enginn tekur mark á. Ríkisstjórnin á samt two augljósa leiki í stöðunni. Annaðhvort að leggja fyrirbærið niður eins og Þjóðhagsstofnun á sínum tíma ellegar breyta stassjóninni í alvöru seðlabanka og hætta að reka fyrirtækið sem dagvistun fyrir afdankaða stjórnálamenn sem hafa ekki einu sinni kynnt sér hagfræði í bréfaskóla.

EINFALDAST er samt að gera ekki neitt. Og lífið gengur sinn vanagang á dagheimilini Svörtuloftum svo lengi sem fólkvið í landinu heldur áfram að borga vexti og verðbætur - þegjandi og hljóðalaust.

Þegar við héldum bað yrði ekki betra...

FRUMSÝNUM NÝJAN LEGACY

SYMMETRICAL AWD

2007 ágerðin af Legacy markar tímamót. Ný hönnun leiðir saman öryggi, þægindi og magnaða aksturseiginleika. Kraftmikil vélín situr lárétt og lágt í vélarrúminu sem margfaldað eiginleika síðrifsins og gerir allan akstur stöðugari. Nýr og aukinn staðalbúnaður eykur þægindin á meðan ekið er. Það eina sem hefur ekki verið bætt við er verðið.

EINSTAKT VERÐ Á NÝJUM LEGACY

SPORT SEDAN	VERÐ
Beinskíptur	2.490.000
Sjálfssíptur	2.620.000

SPORT WAGON	VERÐ
Beinskíptur	2.640.000
Sjálfssíptur	2.770.000

STÁDALBÚNAÐUR: 2.0 LÍTRAR - 165 HESTÖFL, SÍTENGÐ FJÓRHJÓLADRIF, 17" ÁLFELGUR, HRAÐASTILLIR, TVÍSKIPT TÖLVUTÝRD LOFTKÆLING, 6 DISKA GEISLASPILARI MED MP3 OG MARGT FLEIRA.

Ingvar Helgason	Sævarhöfða 2 Simi 525 8000 www.ih.is	Opið: Mán. - fös. kl. 9:00 - 18:00. Lau. 12:00 - 16:00.
Umboðsmenn um land allt	Akureyri 464 7940	Njarðvík 421-8808 Höfn í Hornafirði 478-1990 Reyðarfirði 474-1453

ÞÚ GERIR EKKI BETRI NÉ VANDAÐRI KAUP

AEG þvottavél
1200 snúninga, 6 kg.
Íslenskt stjórnborð



TILBOÐ: KR. 149.000 PARID

530 2906 / 530 2907 / 530 2908

SETTU ÞAÐ SAMAN

AF HVERJU AÐ BORG AÐ MEIRA?

ÓPIÐ
ALLA HELGINA

ORMSSON · SMÁRALIND
SÍMI 530 2900 · WWW.ORMSSON.IS

Velkomin í
óvenjulega verslun

ORMSSON